

# Lögmannaþlaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

4. TBL. 27. ÁRG. 2021

## Lögmannafélag Íslands 110 ára





- |   |  |  |
|---|--|--|
| <p>4 SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON<br/>Lögmannafélagið 110 ára</p> <p>6 ARI KARLSSON<br/>Frá ritstjórn</p> <p>7 INGIMAR INGASON<br/>Þóknun til verjenda og réttargæslumanna: Vísitala málsvarnarlauna</p> <p>8 FANNEY HRUND HILMARSDÓTTIR<br/>Jólahugvekja</p> <p>13 EYRÚN INGADÓTTIR<br/>Í tilefni afmælis</p> | <p>16 VIÐTAL VIÐ HELGU KRISTÍNU<br/>AUÐUNSDÓTTUR<br/>Staðbundnar venjur og samþjöppun eignarhalds ræður hegðun fjárfesta í mun ríkari mæli en regluverkið</p> <p>20 VIÐTAL VIÐ MARÍU RÚN<br/>BJARNADÓTTUR<br/>Þurfum vakandi lögfræðinga til að stafræn þróun verði í þágu réttarríkisins</p> <p>24 REIMAR PÉTURSSON<br/>Fordæmisgildi úrlausna Mannréttindadómstóls Evrópu að innlendum rétti</p> | <p>28 INGIMAR INGASON<br/>Af vettvangi félagsins</p> <p>29 ODDUR ÁSTRÁÐSSON<br/>Í upphafi skyldi endinn skoða</p> <p>30 VIÐTAL VIÐ JÓNAS AÐALSTEINSSON<br/>Hef alltaf notið þess að starfa við lögmenntu</p> <p>34 Styrkur til fræðiskrifa</p> |
|---|--|--|

**Lögmannafélag Íslands**  
Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Netfang: [lmfi@lmfi.is](mailto:lmfi@lmfi.is)  
Heimasíða: [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður**  
Ari Karlsson lögmaður  
Netfang: [ari@img.is](mailto:ari@img.is)

**Aðstoðarritstjóri**  
Eyrún Ingadóttir

**Ritnefnd**  
Arnar Vilhjálmur Arnarsson lögmaður  
Hildur Þórarinsdóttir lögmaður  
Ingi B. Poulsen lögmaður  
Unnur Lilja Hermannsdóttir lögmaður

**Stjórn LMFÍ**  
Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður  
Kristín Edwald lögmaður  
Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður  
Birna Hlín Káradóttir lögmaður  
Geir Gestsson lögmaður

**Varastjórn LMFÍ**  
Eva Halldórsdóttir lögmaður  
Tómas Eiríksson lögmaður  
Áslaug Björgvindóttir lögmaður

**Starfsmenn LMFÍ**  
Ingimar Ingason framkvæmdastjóri  
Eyrún Ingadóttir skrifstofustjóri  
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur  
Dóra Berglind Torfadóttir bókarari og ritari

**Forsíðumyndir**  
Nokkrar myndir af afmælishátíðum Lögmannafélagsins. Efsta mynd til vinstri: 100 ára afmæli LMFÍ árið 2011. Heiðursfélagarnir f.v. Ragnar Aðalsteinsson, Hákon Árnason, Þórunn Guðmundsdóttir, Jón Steinar Gunnlaugsson og Gestur Jónsson ásamt Brynjari Níelssyni þáverandi formanni. Miðmynd til vinstri: 50 ára afmæli LMFÍ árið 1961. Neðsta mynd til vinstri: 75 ára afmæli LMFÍ árið 1986. Efri mynd til hægri: 90 ára afmæli LMFÍ árið 2001. Neðri mynd til hægri: 80 ára afmæli LMFÍ árið 1991. F.v. Garðar Gíslason og Jóhann Pétur Sveinsson.

PRENTVINNSLA Litlaprent ehf.

UMSJÓN AUGLÝSINGA  
Óflun ehf., sími: 530 0800  
ISSN 1670-2689

# Gagnaeyðing í 30 ár

1991 - 2021

## Við þökkum traustið



Hvað gerir þú við gamla farsímann?



Hvað verður um tölvubúnaðinn þinn?



Geymir þú viðkvæmar upplýsingar á USB lykli?



Hvað verður um gögnin þín?

Gagnaeyðing eyðir hverskyns gögnum og búnaði samkvæmt alþjóðlega viðurkenndu og vottuðu ferli, allt frá móttöku til eyðingar. Eyðingin sjálf gerist með tætingu og fer kurlíð til endurvinnslu hjá viðurkenndum vinnsluaðila.

Hafðu samband!

Opið mánudaga - fimmtudaga 8:30 - 17:00 og til 16:00 á föstudögum.

Örugg eyðing gagna



# GAGNAEYÐING

# LÖGMANNAFÉLAGIÐ 110 ÁRA

SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON LÖGMAÐUR  
FORMAÐUR



Þann 11. desember 1911 höfðu Eggert Claessen og Sveinn Björnsson frumkvæði að stofnun Málflutningsmannafélags Íslands, en heiti þess var síðar breytt í Lögmannafélag Íslands. Í Lögmannablaðinu sem gefið var út á 100 ára afmæli félagsins var ástæða stofnunar félagsins m.a. sögð erfið samskipti á milli málflutningsmanna í formi persónulegra meiðinga, háðs og hótmyndni. Þar var líka nefnt að almenningi hafi jafnvel fundist mál ekki sómasamlega flutt nema málflytjendurnir væru sektaðir fyrir meiðyrði.

Þó margt hafi breyst í lögmennskunni frá stofnun félagsins markast starfið þó enn af því að við ráðum tíma okkar að litlum hluta sjálf. Að einhverju leyti er það óhjákvæmilegt enda fáum við oft á tíðum litlu ráðið um það hvenær áriðandi verkefni koma upp hjá skjólstaðingum okkar, hvenær mæta þarf í skýrslutökum hjá lögreglu eða í málflutning fyrir dómi.

Það sem hefur hins vegar breyst er að lögmenn gera í dag auknar kröfur til tíma síns og starfsumhverfis. Í upphafi lögmennsku minnar var mér sagt að lögmenn yrðu ekki veikir. Þeir mæta bara og gegna skyldum sínum. Er mér minnstætt viðtal sem ég átti við einstakling sem vildi kanna möguleika á endurupptöku dómsmáls, þar sem ekkert hefði heyrst í fyrri lögmanni hans við aðalmeðferðina sökum raddleysis. Þarna gildi hið fornkvæða um að kapp sé best með forsjá, eða kannski frekar orð séra Friðriks Friðrikssonar um að láta aldrei kappið bera fegurðina ofurliði.

Það sem hefur líka gerst er að lögmennskan nægir flestum ekki ein og sér. Lögmenn vilja njóta eðlilegs fjölskyldulífs, sinna áhugamálum sínum eða fara í venjulegt frí eins og aðrar stéttir samfélagsins gera, þ.m.t. aðrar starfsstéttir

réttarkerfisins.

Í samræmi við framangreint hefur Lögmannafélagið að undanfögnu beitt sér fyrir því að tekið verði tillit til sumarleyfa og stórhátíða við ákvörðun kær- og áfrýjunarfresta. Mörg okkar þekkja það að brjóta upp sumarfríð okkar með ritun kær- eða greinargerðar vitandi það að við séum bara að skrifa fyrir skúffuna og að ekkert muni gerast fyrir en að loknu réttarhléi. Er það von okkar að slík breyting verði færð í lög á þessu þingi.

Þá gerði Lögmannafélagið líka athugasemdir við stuttan boðunarfrest aðalmeðferða í Landsrétti nú í haust. Þá var svo komið að stundum liðu eingöngu 2 ½ til 3 vikur frá tilkynningu til aðalmeðferðar sem gerði okkur erfiðara fyrir að skipuleggja undirbúning málflutningsins í kringum önnur verkefni. Sýnist mér að Landsréttur hafi tekið þessum athugasemdum vel og hafi fresturinn lengst í 4-6 vikur.

Starfsumhverfi okkar skiptir einfaldlega miklu máli en í nýjasta tölublaði danska lögmannablaðsins má finna athyglisverða könnun á meðal ungra danskra lögmanna þar sem svigrúm til fjölskyldulífs og gott vinnuumhverfi skiptu mestu við val á vinnustað og vógu þyngra en möguleikar til framgangs. Engin ástæða er til að ætla að annað gildi á meðal ungra íslenskra lögmanna og lögfræðinga sem eru að huga að starfsvettvangi sínum. Huga þarf að því hvernig tryggja má að ungt fólk sækist eftir því að vinna við lögmennsku og geri það að ævistarfi sínu. Í samkeppni um besta starfsfólkið er líka góður business að hugsa vel um starfsfélagana og starfsumhverfi þeirra. Svo megum við ekki gleyma því að hugsa vel um okkur sjálf.

Til hamingju með afmælið!



1 SYSTEMS  
**OneRecords**  
Mála- og skjalakerfi

**ÖFLUGT**  
mála- og skjalakerfi  
sem hentar vel fyrir  
**LÖGMANNSSTOFUR**

- » Heldur öfluga málaskrá - gott yfirlit.
- » Málaskrá, 'Mín mál' og tímamörk mála.
- » Mitt One: Síðustu skjöl sem ég hef lesið, breytt eða skráð.
- » 10 síðustu vistunarstaðir (mál) þar sem ég hef vistað skjöl.
- » Öflug leitarvél. - Leitar í innihaldi skjala, og viðhengjum.
- » Vista Outlook tölvupósta inn á mál.
- » Öflug samhæfing við Microsoft Office, Word, Excel og Outlook.
- » Hægt að flytja inn mörg skjöl í einni aðgerð inn á mál.
- » Hægt að flytja öll skjöl úr einni möppu inn á mál með einni aðgerð.



**Meðal viðskiptamanna:**

Logos lögmenn, Patice lögmenn,  
Draupnir lögmenn, Jónatansson  
lögmenn



1 SYSTEMS  
**OneDrag&Drop**  
Draga og sleppa

Draga tölvupóst yfir í  
málakerfið á rétt mál með  
einni aðgerð.  
Draga skjöl á sameiginlega  
drifinu yfir í málakerfið  
með einni aðgerð.



OneHýsing: ISO vottað umhverfi.  
Dagleg afritunartaka gagna.



Hægt að fá iPad lesaögang.  
(spjaldröðvulesaögangur að kerfinu)

One býður hagkvæmar lausnir  
með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

# UMBJ. MINN

ARI KARLSON  
RITSTJÓRI

Ég hugsa stundum til gamallar skopmyndar sem var á þá leið að tveir menn á miðöldum eru að skeggræða hvað eigi að kalla nýja akademíska námsgrein í háskóla. Tvær tillögur voru á myndinni. Önnur var sú að nefna hana „Bréflegar hótanir á óskiljanlegu máli“ en hin einfaldlega að nefna hana „lögfræði“.

Þótt hér sé um að ræða einn hinna svokölluðu lögfræðibrandara má samt íhuga hvers vegna ólöglærðum finnst oft erfitt eða torskilið að lesa lögfræðilegan texta sér til gagns. Sem dæmi má nefna að fyrir ólöglærðan aðila kann hin alþekkt skammstöfun *umbj. minn* í bréfaskriftum lögmannna að valda misskilningi enda orðið umbjóðandi lítið notað í nútímamáli.

Í lögfræði, sem snýst meira og minna um túlkun laga og hugtaka og merkingu þeirra, er öguð og skipuleg framsetning texta nauðsynleg. Lögfræðin hefur líkt og aðrar sérgreinar sérstakt málfar sem kann að víkja frá almennum málskilningi. Það sama á við að túlkun hugtaka kann jafnframt að víkja frá almennri málvenju eða skilgreiningu annarra fræðigreina. Um það er vart til betra dæmi en Hrd. 1972, bls. 945 þar sem rækja var talin fiskur í skilningi laga nr. 72/1969 þótt það svar hefði væntanlega þýtt fall á líffræðiprófi.

Á árinu 2008 var skýrslu starfshóps skilað til sænska dómismálaráðuneytisins með tillögum um það hvernig auka mætti traust almennings til sænskra dómstóla. M.a. voru gerðar tillögur um breytingar á framsetningu dómsúrlausna, þ.e. uppsetningu textans, röksemdafærslu og orðnotkun. Í viðauka með skýrslunni var að finna sérstakar málfræðilegar greiningar, þ.m.t. svokallað Klarsprákstest, til þess að hafa til hliðsjónar við samningu dómsúrlausna þannig að aðilar dómsmáls skildu röksemdafærslu og niðurstöðu dómstóla betur.

Í 10. gr. laga nr. 61/2011, um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákna máls, er að finna þá meginreglu að mál það sem notað er í starfsemi ríkis og sveitarfélaga, eða á vegum þeirra, skuli vera vandað, einfalt og skýrt.

Lítið hefur verið um fræðilega umræðu um lögfræðilegan texta hér á landi eða þá hvort að stjórnvöld uppfylli þær almennu vísireglu sem sett er fram í lögum nr. 61/2011 um vandað, einfalt og skýrt mál. Uppsetning dóma Hæstaréttar og Landsréttar hefur hins vegar tekið þeim breytingum að nú eru dómsúrlausnir með styttri tölusettum málsgreinum (efnisgreinar samkvæmt almennri málvenju). Greining



á uppsetningu, röksemdafærslu eða þá orðnotkun í úrlausnum dómstóla og stjórnvalda, greining á því hvort eða hvernig mætti gera öðruvísi eða betur, hefur hins vegar ekki verið gerð hér á landi eftir því sem undirritaður kemst næst.

Við þekkjum flest dæmi um lögfræðilegan texta með löngum málsgreinum þar sem aukasetningar gera það beinlínis erfitt að ráða í hvað höfundur meinar. Svo vilja sumir lögfræðingar notast við hátíðleg eða uppskrúfuð orð, sem vart þekkjast lengur í almennum máli, og gera lestur textans erfðari. Þéringar eru síðan sérstakur flokkur, einkum þegar sá sem notar þéringarnar kann ekki að fallbeygja rétt.

Veldur hver á heldur segir máltækið og sannarlega er að það sem einum finnst vandað og skýrt málfar kann öðrum að finnast óskýrt og klúðurslegt.

Sá sem hér ber lykilorðið er svo sannarlega ekki alsaklaus af því að vilja skrifa langan og uppskrúfaðan texta. Eftir útskrift úr laganámi taldi hann að best færi á því að nota uppskrúfað orðalag enda mætti með þeim hætti sýna fram á yfirburði hans í júrídískum þankagangi. Þá vildi hins vegar svo vel til að velviljaður mentor í lögmennsku spurði eftir yfirferð á bréfi hvers vegna þyrfti að segja í tíu orðum það sem mætti segja með einu. Mentorinn ráðlagði honum að skoða pistla Jónasar Kristjánssonar ritstjóra enda kynni hann að skrifa stuttar setningar og læsilegan texta.

Það hlýtur að vera kjarni málsins að textinn sé skiljanlegur þeim sem hann þurfa að nota.

Þegar rætt er um traust almennings til dómstóla og lögmannna er sjaldan vikið að því hvort að úrlausnir og bréfaskriftir kunni að skipta máli. Það er tímabært að ræða þetta í okkar hópi eða við aðra þá sem málið kann að varða. Með það í huga óskar ritstjórn Lögmannablaðsins lesendum sínum nær og fjær gleðilegra jóla, árs og friðar og þakkar samfylgdina á árinu.

## ÞÓKNUN TIL VERJENDA OG RÉTTARGÆSLUMANNA:

# VÍSITALA MÁLSVARNARLAUNA

Fyrir á þessu ári krafðist stjórn Lögmannafélagsins þess að dómstólasýslan endurskoðaði viðmiðunarreglur nr. 2/2021; „Reglur um málsvarnarlauna eða þóknun verjenda og þóknun til réttargæslumanna“. Einnig krafðist stjórnin þess að dómstólasýslan gerði grein fyrir þeim forsendum sem legið hafa að baki útreikningum viðmiðunarfjárhæða og hækkana á þeim frá því reglurnar voru fyrst settar. Í kjölfar upplýsinga um að hækkun viðmiðunarfjárhæða tæki mið af breytingum á vísitölu neysluverðs fékk félagið dr. Hersi Sigurgeirsson, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, til að vinna álitgerð um við hvaða forsendur rétt væri að miða í tengslum við ákvörðun fjárhæða samkvæmt reglunum og hækkun þeirra.

Í álitgerð dr. Hersis, sem send var félagsmönnum sl. vor, kom fram að hann teldi eðlilegt að breytingar í umræddum viðmiðunarreglum tækju mið af sérstakri vísitölu sem hann nefnir „vísitölu málsvarnarlauna“ og samanstandur annars vegar af vísitölu launa (75%) og hins vegar af vísitölu neysluverðs (25%). Samkvæmt þessari vísitölu hefði tímagjald fyrir verjenda- og réttargæslustörf lögmannna í janúar 2021, átt að standa í kr. 24.415,- eða kr. 25.754,- allt eftir því hvort miðað væri við fyrstu reglur dómstólaráðs frá árinu 2000 eða upphaflegt tímagjald samkvæmt ákvörðun dómismálaráðuneytisins árið 1994.

Dómstólasýslan hefur nú fallist á að hækkun tímagjalds fyrir verjenda- og réttargæslustörf lögmannna verði framvegis miðuð við „vísitölu málsvarnarlauna“. Á samráðsfundi sem fulltrúar Lögmannafélagsins áttu með fulltrúum dómstólasýslunnar 27. október sl. var kröfum félagsins um leiðréttingu tímagjalds, miðað við réttar vísitöluforsendur, áréttáðar og kröfunni jafnframt fylgt eftir með bréfi til stjórnar dómstólasýslunnar 9. nóvember sl. þar sem segir m.a. að núverandi viðmiðunartímagjald, kr. 19.500,- hafi ekki náð að halda í við vísitölubreytingar frá árinu 2015 sem: „... haft hefur í för með sér umtalsverða og langvarandi kjararýrnun fyrir þá lögmennt sem sinna verjenda- og réttargæslustörfum. Leyfir stjórn félagsins sér að benda á að hækkun tímagjalds til samræmis við útreikninga dr. Hersis Sigurgeirssonar felur ekki í sér raunhækkun gjaldsins, heldur einungis sanngjarna leiðréttingu miðað við áhrif vísitölubreytinga á rekstur lögmannsstofa. Slík leiðrétting á fjárhæð tímagjaldsins hefur áður verið gerð sbr. reglur dómstólaráðs nr. 1/2015, þar sem tímagjald var hækkað úr kr. 10.000 í kr. 16.500.“

Vonast stjórn félagsins að horft verði til þessara forsenda þegar stjórn dómstólasýslunnar tekur ákvörðun um nýtt tímagjald nú í lok árs.

II

## Óskum Lögmannafélagi Íslands til hamingju með 110 ára afmælið

BBA // FJELDGO

LR

Lögfræðistofa Reykjavíkur



# JÓLAHUGVEKJA

Fanney Hrund Hilmarsdóttir lögfræðingur og sjálfspurftabóndi er einn af ungum rithöfundum Íslands sem kemur fram á sjónarsviðið þessi jólin. Hún er höfundur *Frírikisins*, sem er fyrir öldruð börn og bernsk gamalmenni, og hefur hlotið mikla athygli. Fanney varð héraðsdómslögmaður árið 2012 og starfaði til ársins 2016 hjá Rétti lögmannsstofu. Hún ákvað síðan að láta drauminn rætast og verða rithöfundur. Hún skrifar hugvekju fyrir lögmennt þessi jólin.

## Fávísisfeldurinn

– Ég dró yfir mig feldinn og með myrkrinu hvarf sjálfsvitund mín. Ég vissi ekki af hvaða kyni ég var, hvaða kynþætti, á hvaða aldri, hvaða stétt ég tilheyrði eða starfi ég sinni. Hvað ég þráði, hvað ég elskaði eða hvað ég skynjaði. Ég vissi raunar ekki hver ég var.

En „ég“ fann að ég hafði mikilvægu hlutverki að gegna. Ég hafði þekkingu á grunnuppbyggingu samfélagsins, minningar um samskipti manna og annarra dýra, náttúru og þarfir. Og í trausti þeirrar samfélagslegu þekkingar – og sjálfsvitundarlegu vanþekkingar – fólst hlutverk mitt: Að semja grunnlög samfélagsins.

Undir feldinum var mér ómögulegt að taka sjálfsmiðaða ákvörðun – enda hafði ég ekkert *sjálf*. Um leið varð ég að ígrunda vandlega stöðu allra hugsanlegra samfélagsþegna. Fæturnir sem tylltu sér í sporin voru ekki lengur mínir. Út um augun sem ekki voru mín horfði óræð sál af sömu sjálfshjargarviðleitni og áður – en í breyttri mynd; af sjálfshjargarviðleitni fyrir alla. Því sálin gat ekki vitað *hver* þeirra samfélagsþegna *hún yrði sjálf* þegar feldurinn lyftist.

Á þann veg má draga saman kenningu réttarheimspekingsins John Rawls um *fávísisfeldinn* (e. Veil of Ignorance). Rawls taldi samfélagssáttmála ritaðan undir fávísisfeldinum hinn eina sáttmála sem nokkru sinni gæti talist sanngjarn. Og sanngirnir taldi hann grunn réttlætis. Að aðeins með því fengju allir samfélagsþegnar sambærileg tækifæri til að blómstra.

Af þessu fráfi Rawl óx ævintýraveröld, innra með mér, sem varð að endingu svo plássfrek að ég hætti eftir nokkurra ára starf sem lögmaður og hélt af stað út í heim með heiminn sem ég var staðráðin í að berja í bókarskrúddu. Sem varð að fjórum.

## Undan feldinum

Í eitt ár flökkudum við maðurinn minn um Afríku, Asíu og Eyjaálfu. Við fórum okkur hægt, ferðudumst með hænur, geitur og börn í fanginu og stöldrúðum við á afskekktum stöðum – fylgdumst með lífstaktinum. Það má jafnvel segja að ég hafi fengið að koma undan fávísisfeldinum – upp að vissu marki.

Í litlu þorpi, Nkotakota við Malavívatn, horfði óræð sál út um augu forréttindanna. Fylgdist með konunum sækja eldivið og vatn við sólarupprás, körlunum róa til fiskjar og krökkunum reka kýrnar meðfram ströndinni yfir í beitarhagana. Um hádegið fylgdist hún með yngri krökkunum stínga sér í vatnið, busla og spila fótbolta á ströndinni með mangóávesti. Síðdegis sá hún konurnar þvo þvotta í vatninu, skima eftir eiginmönnum sem skömmu síðar drógu netin á land með aðstoð þorpsbúa. Fylgdist með ungabörnunum hjala í flæðarmálinu á litríkum slæðum og kýrnar snúa heim til mjalta. Í nóttinni sá hún nokkra halda út á svartan spegil tunglsins í leit að silfri þessa þorps – tunglskinsfiskinum.

Aðeins krakkar foreldranna sem höfðu efni á skólabúningi höfðu aðgang að menntun. Hin urðu leiðsögumenn okkar um þorpið. Sheila litla var ein þeirra sem fléttaði fingur sína við okkar. Bros hennar var svo hjart að það skein inn í sálir okkar. Hún geislaði af stolti yfir bleika pilsinu sem féll yfir rykuga leggina. Og þannig tólti hún um moldargötturnar og kynnti okkur fyrir þorpsbúum – ber að ofan í bleiku pilsu.

Því Sheila átti engan bol.

Sjálf hafði ég þrjá boli meðferðis á þessu ferðalagi, stuttbuxur og agalegar Aladdín-buxur (en enginn „bakpokari“ kemst í gegnum heimsreisu án slíkra bróka). Heilt ár leið þar sem nærbrækur voru þvegnar í vaski (eða





Malaví-vatni) og aldrei nokkru sinni hefur mig skort jafn fátt. Sem segir mér hvað skortur okkar sem aldrei skortir neitt – er huglægur.

### Volgur hálfmáni

Hér, líkt og annars staðar á forréttindafoldu, lagði Kóka-kólasveinninn einkaþotu sinni á Reykjavíkurlflugvelli fyrir nokkrum áratugum. Hann pantaði sér þylu, var slakað niður í hvert bæjarfjallið á fætur öðru og kramdi horuðu ómagana þrettán undir klyfjuðum kroppi sínum. Líkt og grasker urðu hestvagnar urðu mandarínur sjálfusímar. Engu barni datt í hug að heimta sjálfusíma í skóinn sinn. Einhvers staðar laumaði einhver fullorðinn útsendari Kókakólasveinsins litlu, en samt svo stóru, tóli í allt of lítinn skó.

Mér skilst að fyrstu jólin þar sem ég var eitthvað annað en sofandi amaba hafi ég opnað hvern pakkann á fætur öðrum (fyrsta barnabarn beggja vegna, sjáið til) með óskaplega fínu dúkkudóti. Einhver vasagrynnri ættingi minn hafði hins vegar reddað sér á síðustu stundu með því að skutla einu stykki forljótum, uppblásnum og agalegum bensínstöðvarjólaveini í pakkann til óvítans.

Þið vitið hvernig þessi saga endar. Ég vöðlaðist með uppblásna bensínstöðvarjólaveininn, sem finni frænkum mínum bauð við, öll jólin og leit ekki á fína dúkkudótið.

Ekki man ég hvað ég fékk í jólagjöf árin sem fylgdu þessum bensínstöðvarjólum. En ég man tilfinninguna sem fylgdi lyktinni af skötunni og jólahangiketinu, fiðringinn sem hríslaðist um magann þegar við skreyttum tréð, bökudum smákökur og spiluðum sagnavist við daufa kertaloga. Ég finn enn hláturinn sem ólgaði þar sem gömlu hjónin á þarnæsta bæ borðuðu hjá okkur á annan í jólum og sú gamla át alla súrsætu sósuna – því hún taldi hana súpu.

Minningar eru verðmætar en hinar samofnu tilfinningar eru enn verðmætari. Því þrátt fyrir að fenni yfir minningarnar og eftirvæntinguna þá finn ég enn tilfinninguna sem tilheyrir lykt af mandarínu í smáum skó, snertingu við jólakögur, tónum rykugrar jólabjöllu, volgum hálfmána í bernskum maga – þar sem fiðrildin tífuðu enn af ærslafullri eftirvæntingu. Og ég finn hlýjuna í sálinni sem kviknaði þegar amma vafði lúkum sínum um mínar. Sameinaðar eru þessar tilfinningar – og verða – *jólin*.

### Upphafið og endirinn

„Hún man ekki eftir þér, en hún man tilfinninguna sem er tengd þér. Hún man að henni er hlýtt til þín,“ sagði öldrunarlæknirinn þegar hrímþokan lagðist yfir augu ömmu.

Nú sit ég og hripa niður þessi orð á meðan ég fylgist með henni – sem vaknar hvern einasta dag og dregur af sér fávísisfeldinn. Hver dagur er dagur nýs lífs, hver kaffibolli sá fyrsti. Hún horfir á bróðurson minn, langömmubarnið sitt, strjúka feld tíkarinnar sem liggur á gólfinu.

Hann segir: „Ahhhh...“

Hún spyr: „Ertu góður?“

Augu þeirra mætast – önnur tær, hin hrímuð.

Hann veit ekki hver hún er – ekki frekar en hann sjálfur. Ekki frekar en hann veit hvernig hann er stór, hvernig hann er sterkur, hvernig hann er týndur. Eða, hvað er að eiga sjálfusíma.

Hún veit ekki hver hann er – ekki frekar en hún sjálf.

En bæði vita þau vel – *finna* þau vel – hvað er að vera góður.

# Í tilefni AFMÆLIS

Þann 11. desember fagnar Lögmannafélag Íslands 110 ára afmæli. Í tilefni þess verður hér litið yfir farinn veg félagsins, en stiklað stóru.



## 1911 – Félag málflutningsmanna stofnað

Hinn 11. desember var Lögmannafélag Íslands, sem þá hét Málflutningsmannafélag Íslands, stofnað að frumkvæði Eggerts Claessen og Sveins Björnssonar. Stofnfélagar voru 17 talsins. Fyrstu stjórn félagsins skipuðu Eggert og Sveinn ásamt Oddi Gíslasyni. Eggert tók að sér formennsku félagsins og gegndi embættinu samfellt í sjö ár, eða til ársins 1918. Hann gegndi síðan því hlutverki á ný árin 1921-1922 og 1939-1940.

1911

1912

1913

1914

1915

1916

1917

1918

1919

1920

1921

1922

1923

1924

1925

1926

1927

## 1913 – Hagsmunabaráttan byrjar

Eitt fyrsta baráttumál Málflutningsmannafélags Íslands var að vinna að því að settar yrðu skorður við því að lögfræðikandidatar gætu farið beint frá prófborðinu og orðið yfirréttarmálflutningsmenn heldur hlytu verklega æfingu áður. Með lögum nr. 17/1913 var það skilyrði sett fyrir leyfi til málflutnings fyrir yfirdómi að lögfræðingar hefðu fengist við málflutning í þrjú ár hið minnsta eða gegnt starfi sem lögfræðimenntun þurfti til í jafn langan tíma.

## 1931 – Styrktarsjóður lögmannna

Settur var á fót styrktarsjóður lögmannna en tilgangur hans var að styrkja málflutningsmenn sem verið höfðu félagsmenn eða fjölskyldur þeirra og lent höfðu í fjárhagsvandráðum. Einnig voru styrkir sjóðsins hugsaðir vegna náms eða annars undirbúnings unglunga undir lífsstarfið. Fyrstu styrkirnir voru greiddir úr sjóðnum vorið 1940. Með lögum um málflytjendur nr. 61/1942 var stjórn félagsins gert heimilt að sekta lögmennt vegna framferðis í starfi sem væri stéttinni ósamboðið. Runnu þær sektargreiðslur í sjóðinn. Sjóðurinn varð þó aldrei öflugur (væntanlega vegna góðrar hegðunar félagsmanna) en hann stóð þó um árábil og var síðast veittur styrkur úr honum árið 1995.

## 1932 - Málagjöld

Tekjur félagsins frá upphafi voru eingöngu félagsgjöld meðlima en árið 1932 bættist við nýr tekjustofn sem var málagjald af hverju einkamáli sem lögmennt lögðu sem sækjendur í dóm eða gerðu sátt um. Gjaldið var einnig lagt á mál sem áfrýjað var til Hæstaréttar.

## 1936 – 25 ára afmæli

Haldið var hóf og ákveðið að rita sögu félagsins þar sem fram kæmu æviágrip allra 56 félagsmanna. Það ár var Málflutningsmannafélagsins fyrst getið í lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Þá var lögfest að stjórnendur félagsskapar löggiltra málflutningsmanna gætu áminnt félagsmenn og sektað fyrir framferði sem telja mátti stéttinni ósamboðið.

## 1942 – Skylduaðild og eftirlitshlutverk

Samkvæmt lögum nr. 61/1942 var lögmonnum gert skylt að hafa með sér félag sem hefði eftirlit með að félagsmenn færu að lögum og ræktu skyldur sínar af trúmennsku og samviskusemi. Ennfremur fékk stjórn félagsins úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflytningu ef ágreiningur var borinn undir hana. Síðan þá hefur eftirlitshlutverkið verið einna fyrirferðamest í starfsemi félagsins en árið 1998 var agavald yfir lögmonnum falið sérstakri úrskurðarnefnd.

## 1945 – Nafni félagsins breytt

Allt frá stofnfunni Málflytningismannafélags Íslands höfðu sumir félagsmenn viljað að það bæri fremur nafnið Lögmannafélag Íslands. Í kjölfar lagasetningar um málflytjendur nr. 61/1942, þar sem ávallt var talað um þá sem lögmen, var ákveðið að breyta nafni félagsins frá og með ársbyrjun 1945.

## 1951 – Fyrstu heiðursfélagarnir

Í tilefni 40 ára afmælis Lögmannafélags Íslands var ákveðið að gera Svein Björnsson forseta Íslands og Lárus Fjeldsted lögmann að fyrstu heiðursfélögum félagsins. Skömmu fyrir afmælishófið veiktust þeir báðir en Sveinn lést í ársbyrjun 1952 og náði því aldrei að taka við heiðursviðurkenningunni. Frá upphafi hafa 19 lögmen verið gerðir að heiðursfélögum Lögmannafélags Íslands.

## 1952 – Fyrst kvenna

Rannveig Þorsteinsdóttir fékk rétt til málflytningu fyrir héraðsdómi árið 1952 og varð þar með fyrsta konan í félaginu. Ekki nóg með það heldur var hún fyrst kvenna til að stofna lögmannsstofu árið 1949, sem hún rak til ársins 1974, og fyrst til að öðlast réttindi til málflytningu fyrir Hæstarétti árið 1959. Svo varð hún jafnframt fyrsta konan sem var gerð að heiðursfélagi Lögmannafélagsins árið 1979.

Guðrún Erlendsdóttir var önnur konan sem fékk aðild að Lögmannafélaginu en hún fékk héraðsdómslögmannsréttindi árið 1961. Ekki er hægt að segja að konur hafi flykkst í fótspor þeirra Rannveigar og Guðrúnar því árið 1990 voru konur einungis 8% félagsmanna, eða 27 af 340 félagsmonnum. Í dag eru 325 konur í félaginu sem samsvarar tæplega 31% félagsmanna.

## 1956 – Kjære nordiske venner

Fyrstu 45 árin voru samskipti félagsins við erlend systurfélög lítil sem engin. Árið 1956 hóf Lögmannafélagið þátttöku í samtökum norrænna lögmanna og síðan þá hafa fulltrúar félagsins sótt fundi og notið alls þess sem norrænt samstarf hefur gefið af sér.

## 1960 – Siðareglur og lífeyrissjóður

Árið 1934 komu fram hugmyndir um að samdar yrðu siðareglur fyrir lögmen en ekki voru þó allir sammála um að þess væri þörf. Öðru hvoru var umræða um efnið tekin upp en það var þó ekki fyrr en árið 1960 sem að samþykktar voru fyrstu siðareglur lögmanna.

Sama ár var einnig stofnaður lífeyrissjóður fyrir lögmen en sökum þess hve fáir félagsmenn voru tókst ekki að byggja upp öflugan sjóð. Auk þess rýrnuðu eignir hans í verðbólgu sjöunda og áttunda áratugarins og var hann á endanum lagður niður árið 1983.



1928

1929

1930

1931

1932

1933

1934



1935

1936

1937

1938

1939



1940



1941

1942

1943

1944

1945

1946

1947

1948

1949

1950

1951

1952

1953

1954

1955

1956

1957

### 1961 – Formaður til 13 ára heiðraður

Mikil veisla var haldin í Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll í tilefni 50 ára afmælis Lögmannafélagsins. Þar var Lárus Jóhannesson gerður að heiðursfélagi en hann hafði gegnt formennsku í félaginu samfellt í 13 ár, frá 1947 til 1960. Það ár skelli hann lögmannsstofu sinni, sem hann hafði rekið frá árinu 1924, í lás og gerðist hæstaréttardómari.

### 1965 – Húsnæðis kaup

Á síðari hluta 6. áratugarins fékk Lögmannafélagið afnot af skrifstofu að Garðastræti 17 í Reykjavík. Árið 1965 keypti félagið síðan eigið húsnæði undir starfseminu að Óðingsgötu 4. Þar var skrifstofan til húsa allt þar til núverandi húsnæði var keypt að Álftramýri 9.

### 1970 – Námssjóður

Námssjóður LMFÍ var stofnaður árið 1970 en honum var ætlað að efla framhaldsmenntun lögfræðinga með fjárframlögum til fræðslufunda og námskeiða. Tekjustofn hans var 20% af málagjöldum sem greidd voru við þingfestingu dómsmála og rann til Lögmannafélagsins. Aðrar tekjur voru vextir af innstæðum, gjafir og önnur framlög. Í árslok 1974 var eign sjóðsins rúmlega ein milljón krónur og á næstu árum styrkti hann útgáfu Tímarits lögfræðinga og Úlfhljóts, gaf út nokkrar bækur lögfræðilegs efnis auk þess að styrkja lögmennt til utanfara.

### 1971 - Heiðursfélagar

Í tilefni af 60 ára afmæli félagsins voru lögmenntirnir Einar Baldvin Guðmundsson, Sveinbjörn Jónsson og Theodór Líndal gerðir að heiðursfélögum í Lögmannafélaginu.

### 1973 – Fyrsti skrifstofustjórinn og minnismarki

Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir var ráðin fyrsti skrifstofustjóri félagsins. Það ár var ákveðið að félagið minnst 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar með því að setja upp skjöld á Breiðabólstað í Vesturhópi til minningar þess að Hafliði Másson lét skrá niður lög á Íslandi í fyrsta sinn.

### 1976 – Ábyrgðarsjóður lögmannna

Árið 1976 var að norrænni fyrirmynd stofnaður sérstakur ábyrgðarsjóður sem gera átti félaginu kleift að bæta að hluta eða öllu leyti tjón sem skjólstæðingur lögmanns kynni að verða fyrir vegna fjárþrots lögmannsins. Helmingur málagjalda, sem runnu til félagsins, voru sett í sjóðinn en árið 1987 voru bætur greiddar úr sjóðnum í fyrsta sinn. Árið 1992 féllu ábyrgðir á sjóðinn vegna gjaldþrots tveggja lögmannna og í kjölfarið urðu miklar umræður þar sem lögmennt lýstu sig andvíga því að vera ábyrgir fyrir afbrotum annarra félagsmanna. Ábyrgðarsjóðurinn var formlega lagður niður árið 1999.



### 1977 – Sumarbústaður

Keyptur var sumarbústaður í Brekkuskógi til afnota fyrir félagsmennt sem var afar vel nýttur fyrstu árin. Árið 1984 var öðrum bústað bætt við á sama stað en á tíunda áratugnum fór aðsókn minnkandi og var ástæðan rakin til þess að sífellt fleiri lögmennt eignuðust sína eigin bústaði. Fór svo að þeir voru seldir, sá fyrri árið 1996 og sá seinni árið 2000.

1958

1959

1960

### 1979 – Laganefnd og kjaranefnd

Laganefnd var kosin í fyrsta skipti á aðalfundi Lögmannafélagsins en hlutverk hennar er að fylgjast með lögum, lagaframkvæmd og lagafrumvörpum og koma á framfæri ábendingum og tillögum til stjórnar félagsins varðandi umsagnir um þau. Þá var kjaranefnd einnig stofnuð sem átti að vinna að bættum hag félagsmanna og gera tillögur til stjórnar um málefni sem vörðuðu kjör lögmannna.

## 1980 – Fyrsta konan í stjórn

Svala Thorlacius varð fyrsta konan til að sitja í stjórn Lögmannafélags Íslands. Sat Svala í stjórn 1980-1982 en hún hlaut héraðsdómslögmannsréttindi árið 1969 og málflytninguréttindi fyrir Hæstarétti árið 1984.

## 1981 – Fyrsti framkvæmdastjóri og fréttabréf

Síðastliðin fjörutíu ár hafa einungis fjórir gegnt stöðu framkvæmdastjóra hjá Lögmannafélaginu. Hafþór Ingi Jónsson lögmaður var fyrstur ráðinn framkvæmdastjóri árið 1981 en fram að því hafði formaður séð um dagleg störf ásamt skrifstofustjóra. Hafþór gegndi starfinu til ársins 1989 er Unnur Gunnarsdóttir tók við af honum í eitt ár. Þá tók Marteinn Másson við og gegndi hann starfi framkvæmdastjóra til ársins 1999 er núverandi framkvæmdastjóri, Ingimar Ingason tók við.

Fréttabréf hóf jafnframt göngu sína á þessu ári og Lögmannafélagið hóf að standa fyrir árlegu vorþingi á Þingvöllum í samstarfi við Dómarafélag Íslands. Vorþingin stóðu til ársins 2008 er Lagadagurinn var haldinn í fyrsta skipti og bættist Lögfræðingafélag Íslands þá einnig inn í samstarfið.

## 1982 – Fyrsta námsferðin

Vorið 1982 stóð Lögmannafélagið í fyrsta skipti fyrir námsferð erlendis og fóru 35 lögmennt ásamt 12 mökum til Danmerkur. Hópurinn heimsótti Köbenhavns byret, hittu forsvarsmenn danska lögmannafélagsins, var viðstaddur réttarhaldi í Eystri Landsrétti og heimsótti eina af stærstu lögmannsstofum Danmerkur. Árið 1983 var farið til Ameríku, 1984 til Bretlands og 1985 til Ísrael. Frá árinu 1999 hafa námsferðir að jafnaði verið farnar annað hvert ár og m.a. verið farið til Ítalíu, Tyrklands, Grikklands, Namibíu og Eistlands svo fátt eitt sé nefnt.

## 1984 - Golfmót

Fyrsta golfmót Lögmannafélagsins haldið en golfíþróttin hefur ætíð notið mikillar hylli hjá félagsmönnum. Til fjölda ára voru fimm golfmót haldin á hverju sumri en nú síðustu ár hefur aðeins meistaramót LMFÍ haldið velli.

## 1986 – 75 ára afmæli

Hátíðarsamkoma og síðdegishóf var haldið á Hótel Sögu í tilefni afmælis. Hæstaréttarlögmennirnir Ágúst Fjeldsted og Egill Sigurgeirsson voru þá gerðir að heiðursfélögum. Ágúst hafði setið í stjórn félagsins í samtals 21 ár, árin 1945-1966, þar af sem formaður í sex ár, frá 1960-1966. Egill hafði setið í stjórn félagsins í samtals 24 ár, árin 1939-1943, 1944-1945 og 1947-1966.


## 1991 – Bókasafn Lögmannafélagsins

Árið 1914 komu fyrst fram hugmyndir um að Lögmannafélagið þyrfti að eiga sér bókasafn en það var þó ekki fyrr en 77 árum síðar sem að bókasafn félagsins var opnað en það var á 80 ára afmæli þess. Að vísu kom fyrsti vísir að bókasafni árið 1974 þegar félaginu voru færðar að gjöf bækur frá Lárusi Jóhannessyni.

## 1994 – Lögmannavaktin og samráði hætt

Lögmannavaktin hóf starfsemi sína en hún hefur allar götur síðan veitt almenningi ókeypis lögfræðiráðgjöf einu sinni í viku yfir vetrartímamann. Að jafnaði skiptast 90 lögmennt á að veita ráðgjöfina á þriðjudagseftirmiðdögum.

Gjaldskrárnefnd var lögð niður en hún hafði starfað frá árdaga félagsins. Var samráð um gjaldskrá lögmannna talið brjóta í bága við samkeppnislög.



1961

1962

1963

1964

1965

1966

1967

1968

1969

1970

1971

1972

1973

1974

1975

1976

1977

1978

1979

1980

1981



### 1995 – Framtíðin bankar á dyrnar

Þórunn Guðmundsdóttir lögmaður varð fyrst kvenna formaður Lögmannafélags Íslands. Gegndi hún embættinu til ársins 1997. Það var síðan ekki fyrr en árið 2018 sem kona sat næst í stóli formanns, Berglind Svavarsdóttir, sem gegndi formennsku til ársins 2021.

Lögmannablaðið hóf göngu sína og hefur komið út óslitið síðan.

Lögmenn voru skyldaðir til að kaupa starfsábyrgðartryggingar og halda fjárvörslureikninga og var þar með hætt að leggja fyrir fjármuni í ábyrgðarsjóð lögmanna.

Síðast en ekki síst þá var í fyrsta skipti haldið knattspyrnumót á vegum Lögmannafélagsins.



1982

1983

1984

1985

1986

1987

1988

1989

1990

1991

1992

### 1996 – Merki félagsins táknað réttlæti og óhlutrægni

Merki félagsins var útbúið í tilefni af 85 ára afmælinu. Hugmynd að því var sótt í gamalt tákn fyrir stjórnumerkið vogina sem hefur frá fyrndinni verið tákn fyrir réttlæti og óhlutrægni. Í tilefni afmælisins voru Sveinn Snorrason og Guðmundur Pétursson kjörnir heiðursfélagar.

### 1998 – Ný lög, úrskurðarnefnd, heimasíða og félagsdeild

Lög um lögmenn nr. 77/1998 voru samþykkt sem þykja tíðindi til næsta bæjar. Á grundvelli þeirra var svo stofnuð fimm manna úrskurðarnefnd lögmanna sem tók við því hlutverki að fara með agavald gagnvart lögmönnum sem hafði verið á borði stjórnar félagsins frá árinu 1942. Þá var sérstök félagsdeild stofnuð sem reka átti samhliða lögbundinni starfsemi félagsins. Síðan þá hefur félagsdeild séð um Lögmannablaðið, námskeiðahald og fleiri verkefni. Síðast en ekki síst þá var heimasíða félagsins opnuð [www.lmf.is](http://www.lmf.is).

### 2000 – Innanhússlögmaður í stjórn

Fyrsti innanhússlögmaðurinn var kjörinn í stjórn félagsins en fram að því hafði þótt rétt að þar sætu einungis sjálfstætt starfandi lögmenn þar sem stjórnin sá um að úrskurða í deilumálum lögmanna. Þá tók úrskurðarnefnd lögmanna við því hlutverki með nýju lögmannaálagnum nr. 77/1998. Ársæll Hafsteinsson tók sæti í stjórninni sem síðan hefur verið skipuð innanhússlögmönnum jafnt sem öðrum lögmönnum. Þetta ár var Guðmundur Ingi Sigurðsson hrl. kjörinn heiðursfélagi.

### 2002 – Heiðursfélagar

Hæstaréttarlögmennirnir Árni Guðjónsson og Jón Finnsson gerðir að heiðursfélögum.



### 2004 – Félag kvenna í lögmennsku

Félag kvenna í lögmennsku stofnað af 70 konum í Lögmannafélaginu sem vildu efla samstarf og styrkja stöðu kvenna í lögmannastéttinni, sem og að auka áhrif og þátttöku þeirra í félaginu.

1993

1994

1995

### 2008 – Lagadagurinn

Lögmannafélagið, ásamt Lögfræðingafélagi Íslands og Dómarafélagi Íslands, hóf að standa fyrir Lagadeginum árlega sem hefur verið stærsti viðburður í lögfræðingasamfélaginu á Íslandi síðan. Á fyrsta daginn mættu 220 manns en í seinni tíð hafa allt upp í 600 manns

sótt þennan viðburð.

### 2011 – 100 ára félag blæs til veislu

Mikið var um dýrðir þegar Lögmannafélagið hélt upp á aldarafmæli í Hörpu þar sem félagsmönnum, dómurum og fleiri góðum gestum var boðið til fagnaðar. Svo var haldið málþing um réttarríkið á viðsjárverðum tímum með þátttöku erlendra gesta þar sem hlutverk lögmannna og lögmannafélaga var í forgrunni og Lögmannablaðið var óvenju veglegt þar sem farið var yfir sögu félagsins. Alls voru fimm kjörnir heiðursfélagar á þessum tímamótum; þau Gestur Jónsson, Hákon Árnason, Jón Steinar Gunnlaugsson, Ragnar Aðalsteinnsson og Þórunn Guðmundsdóttir.


### 2013 – Þúsundasti félagsmaðurinn

1.000asti félagsmaður Lögmannafélags Íslands reyndist vera Gróa Björg Baldvinsdóttir lögmaður á Landslögum. Afhenti Jónas Guðmundsson formaður henni blómvönd af þessu tilefni.

### 2021 – 110 ára síungt Lögmannafélag

Lítið um dýrðir í tilefni 110 ára afmælis félagsins þann 11. desember 2021 enda farsóttartímar.

## Fjölgun félagsmanna á 110 árum



Eyrún Ingadóttir tók saman

# STAÐBUNDNAR VENJUR OG SAMÞJÖPPUN EIGNARHALDS

## RÆÐUR HEGÐUN FJÁRFESTA Í MUN RÍKARI MÆLI EN REGLUVERKIÐ

Helga Kristín Auðunsdóttir er lektor við Háskólann á Bifröst og situr í stjórn Kviku banka hf. en hún er auk þess fyrsti lögfræðingurinn sem útskrifast frá Háskólanum á Bifröst til að ljúka doktorsprófi í lögum. Það gerði hún á haustdögum frá Fordham háskólanum í New York, í Bandaríkjunum, fyrst Íslendinga, en doktorsverkefni hennar fjallar um virkar fjárfestingar vogunarsjóða í skráðum félögum í Bandaríkjunum, Bretlandi og Þýskalandi.

Blaðamaður Lögmannablaðsins hitti Helgu Kristínu á dögnum til að forvitnast um doktorsgráðuna og fleira.

*Um hvað fjallaði doktorsverkefnið þitt?*

Verkefnið fjallar um virkar fjárfestingar og eignarhald vogunarsjóða í skráðum félögum í Bandaríkjunum, Bretlandi og Þýskalandi, einkum þegar sjóðirnir hafa bein afskipti af rekstrinum með það að markmiði að auka arðsemi félaganna. Með virkum fjárfestingum er átt við kaup vogunarsjóða á litlum hlut í skráðum félögum og tilraunir þeirra til að hafa áhrif á rekstur eða stjórnarhætti viðkomandi félags. Titill verkefnisins er „Hedge Fund Activism and Systems of Corporate Governance in the United States, United Kingdom and Germany“ en doktorsvörnin mín fór fram núna í byrjun september sl.

Tilgangur verkefnisins var að rannsaka hvaða þættir ráða því hvers vegna vogunarsjóðir nota mismunandi aðferðir í mismunandi löndum til að hafa áhrif á stjórnun félaga sem þeir fjárfesta í. Rannsóknin sneri bæði að regluverki, ólíkum stjórnarháttum og síðan staðbundinni venju í viðskiptaháttum, samþjöppun eignarhalds og aðkomu stofnanafjárfesta. Ég bar þannig saman ytra regluverk í Bandaríkjunum, Bretlandi og Þýskalandi og speglaði það í þeim aðferðum sem vogunarsjóðir notuðu í þessum löndum til að hafa áhrif á stjórnir félaga og einnig á niðurstöður hluthafafunda. Niðurstaðan var sú að þótt lagaumhverfi

hafi bein áhrif þar á, þá eru önnur staðbundin atriði sem hafa síður minni áhrif. Þar má helst nefna samþjöppun eignarhalds, hlutverk og valdmörk stjórnareininga og síðan ólíkar samskiptavenjur hluthafa og stjórnar.

*Hvers vegna varð þetta efni fyrir valinu?*

Ég hef alltaf haft áhuga á og sérhæft mig á sviði viðskiptalögfræði. Ég hafði tekið LL.M. gráðu við háskólann í Miami árið 2010 þar sem ég einblíndi á alþjóðlegan viðskiptarétt auk þess sem ég kenndi þar í framhaldinu evrópskan viðskiptarétt.

Það er skondið að segja frá því hvers vegna þetta tiltekna efni varð fyrir valinu. Upphaflega rannsóknarefnið mitt sneri að öfugum samrunum skráðra félaga í Bandaríkjunum og hvaða áhrif slíkir samrunar hefðu á stjórnarhætti félaga. Ég fékk það verkefni samþykkt eftir að hafa sent inn ítarlega rannsóknaráætlun. Á fyrsta fundi með leiðbeinanda mínum eftir að verkefnið hafði verið samþykkt og ég var að hefja nám, tjáði hann mér að vegna skyndilegra lagabreytinga í Bandaríkjunum væri rannsóknin í raun „dáin“ og að ég yrði að finna nýtt efni. Ég hafði þá þegar eytt dágóðum tíma í að útbúa rannsóknaráætlun og undirbúa skrifin svo að þetta voru ekki góð tíðindi. En í dag er ég gríðarlega





**Helga Kristín Auðunsdóttir.**

Þakklát þar sem efnið sem ég ákvað síðan að skrifa um „Hedge fund activism“ var mun meira á mínu áhugasviði og í raun verkefni sem ég get haldið áfram að rannsaka.

*Hvernig fór rannsóknin fram og hvað tók hún langan tíma?*

Ég var í námi í fimm ár meðfram vinnu. Þetta var gríðarleg vinna en mjög miklar kröfur eru gerðar til doktorsnema í viðskiptalögfræði í Bandaríkjunum og ég áttaði mig kannski ekki fyllilega á umfanginu áður en ég hófst handa. Fyrsta árið var ég búsett í New York og mætti í tíma, ásamt því að eiga reglulega fundi með leiðbeinanda mínum, en síðar flaug ég á milli auk þess sem ég stundaði rannsóknirnar að heiman. Verkefnið fólst oftast en ekki í því að lesa grundvallar fræðigreinar á sviði lögfræði og gagnrýna þær síðan á ítarlegan hátt. Markmiðið með því er í raun að kenna doktorsnemum að ná tök á heimildarýni enda lærði ég fljótt að vísa ekki í aðra fræðimenn án rýni. Rannsóknin mín var síðan einungis bundin við fyrirliggjandi gögn en til að kortleggja regluverkið í samanburðarlöndunum hafði ég góðan aðgang að gögnum í gegnum bókasafnið í Fordham. Síðan notaði ég fréttamiðla og tilkynningar til kauphallar til að leggja mat á aðferðir vogunarsjóða. Þetta var á vissum tímavarki hár stafli gagna og ég hugsaði með samúð til þeirra sem skrifuðu slíkar ritgerðir fyrir tíma skjávistunar.

### **Kortlagning ólíkra stjórnarháttanna gagnlegust**

*Hverjar voru helstu niðurstöður þínar?*

Þær voru mjög áhugaverðar. Rannsóknin sýndi nefnilega að lög og reglur stýra hegðun fjárfesta á takmarkaðan hátt. Upphaflega stóð ég í þeirri trú að það væri hægt að hafa bein áhrif á hegðun fjárfesta með lagasetningu. Að löggjöf mætti afrita á milli landa og að hún hefði sambærileg áhrif í þeim. Það reyndist síðan ekki raunin. Ef ég einfalda niðurstöðurnar þá má í raun segja að staðbundnar venjur og samþjöppun eignarhalds ræður hegðun fjárfesta í mun ríkari mæli en regluverkið. Þá skiptir samsetning eignarhalds og réttindi hluthafa miklu máli, sem og samsetning fjárfestahópsins. Getur þannig hlutfall stofnanafjárfesta í hluthafahópnum til dæmis haft áhrif á hvort tillögur vogunarsjóða nái fram að ganga. Aðgangur að upplýsingum um hluthafa getur líka skipt máli.

*Hvernig telur þú helst að niðurstöðurnar muni nýtast – bæði innan lögfræðinnar og á öðrum réttarsviðum?*

Þó svo að verkefnið snúi að fjárfestingum vogunarsjóða þá er umfjöllunarefnið í raun reglur sem gilda um skráð félög og samanburður á réttindum hluthafa, minnihlutavernd og hlutverk og verksvið stjórnareininga hlutafélaga. Kortlagning ólíkra stjórnarháttanna er það sem mér finnst hvað

gagnlegast fyrir utanaðkomandi aðila. Það að átta sig á mismunandi hlutverki stjórna á milli landa og greining á ólíku hlutverki og samspili milli stjórnareininga hlutafélaga í þeim er nauðsynlegt öllum sem koma að fjárfestingum á milli landa. Áhrif stofnanafjárfesta á markaði og samþjöppun eignarhalds þegar kemur að áhrifum minni hluthafa eru einnig atriði sem væri áhugavert að skoða með tilliti til Íslands.

*Mælir þú með því fyrir aðra lögfræðinga að fara í doktorsnám?*  
Ég vildi að ég gæti sagt já, en það er enn of stutt síðan ég lauk námi. Þetta var eldskírn í mörgu samhengi sem gerði mig að öllu leyti að betri lögfræðingi og fræðimanni. Síðan, eins og einn vinur minn sagði, þá er ég komin með frábæra skammstöfun fyrir framan nafnið mitt til að slökkva á gagnrýni á það hvað ég er stundum utan við mig. En þetta er brjáluð vinna og kannski ekki ráðlagt að gera þetta samhliða vinnu og barnauppeldi en yngri dóttir mín var rúmlega tveggja ára og sú eldri að verða átta ára þegar ég byrjaði.

*Hvað tekur nú við hjá þér?*

Ég held áfram kennslu við Háskólann á Bifröst en ég er að kenna félagarétt og fjármálamarkaðsrétt ásamt fleiru. Ég er samhliða að vinna að grein sem ég hyggst fá birta um virka fjárfesta. Svo er ég að hefja nýja rannsókn á sama sviði þar sem ég mun skoða nýtt afbrigði virkrar eigendastefnu vogunarsjóða á sviði ábyrgra fjárfestinga.

Hildur Þórarinsdóttir

*Gledileg jól og farsælt nýtt ár.  
Þökkum ánægjulegt samstarf á hinu liðna.*



## **Ásar – þýðingar og túlkun slf**

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

*Ása – þýðinga og túlkunar slf:*

**Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi, EU-ACI**

**Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi**

**Daníel Teague skjalapýðandi**

**Matthías M. Kristiansen, þýðandi**

**Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.**

**Aðili að rammasamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).**

*Ásar – þýðingar og túlkun slf*

*sími: 897 2717 » netfang: [ellening@simnet.is](mailto:ellening@simnet.is)*

# Óskum Lögmannafélagi Íslands til hamingju með 110 ára afmælið



Daði Ólafsson - Heiðar Örn Stefánsson - Ólafur Lúther Einarsson

## LOGOS

Reykjavík · London

## Deloitte.

Legal

# juris



LÖGMANNSSTOFA

S. Sif Thorlacius hdl.  
Kristján B. Thorlacius hdl.  
Guðmundur Ómar Hafsteinsson hdl.  
Tinna Björk Gunnarsdóttir hdl.  
Halldór Hrannar Halldórsson hdl.

## FORTIS

Lögmansstofa



Mörkin lögmansstofa hf.  
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík  
Sími 414 4100 · [www.law.is](http://www.law.is)



## ADVEL



## KVÍKA



LAGASTOÐ

## LANDSLÖG

LÖGFRÆÐISTOFA



## Bótaréttur

Innheimta slysa- og skaðabóta

# ÞURFUM VAKANDI LÖGFRÆÐINGA

## TIL AÐ STAFRÆN ÞRÓUN VERÐI Í ÞÁGU RÉTTARRÍKISINS

María Rún Bjarnadóttir hefur síðustu ár unnið ötult starf sem ráðgjafi í réttarbótum varðandi stafrænt kynferðisofbeldi og tekið þátt í að innleiða nýja löggjöf um kynferðislega friðhelgi, verklagsreglur fyrir lögreglu varðandi stafrænt ofbeldi og aðstoð við aðila sem hafa eða telja sig munu fremja kynferðislegt ofbeldi, svo fátt eitt sé nefnt. Nýverið lauk hún doktorsvörn sinni við háskólann í Sussex, Englandi, sem fjallar um áhrif tækniframþróunar á mannréttindaskuldbindingar ríkja með sérstakri áherslu á mörk friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsis. Þá hefur María þegar fengið „The Adam Weiler Doctoral Impact Award“ verðlaunin fyrir einstaka rannsókn.

Blaðamaður Lögmannaþingsins hitti Maríu Rún á köldum vetrardegi í vesturbænum til að forvitnast um doktorsgráðuna og fleira.

*Hvers vegna varð þetta efni fyrir valinu?*

Ég hef lengi verið áhugasöm um samspil tækni og laga. Mér þótti mjög gaman í námskeiði sem hét upplýsinga-tækniréttur í meistaranáminu og fór svo að vinna við fjarskipta- og internetmál í samgönguráðuneytinu. Ég skrifaði meistararitgerðina mínu um landslénið .IS, sem er óhætt að segja að hafa verið jaðarmálaflokkur á þeim tíma, og pantaði mér þá mikið af bókum um tækni- og internetlögfræði að utan því þannig lesefni var nánast ófánlegt á Íslandi. Í framhaldi af því varð ég svona hobbí internetlögfræðingur, samhliða því að starfa sem lögfræðingur í mannréttindamálum og svo persónuvernd í innanríkisráðuneytinu. Mér þótti þetta algjör draumablanda. Það var svo þegar ég frétti af málum ráðalausra foreldra, sem lentu á vegg hjá lögreglunni þegar nektarmyndir af unglíngunum þeirra birtust á netinu, sem ég tók mér tveggja vikna frí frá vinnu og sett saman tillögu að doktorsrannsókn um mörk mannréttinda í stafrænum heimi og sendi á einn af mínum uppáhaldshöfundum, Chris Marsden, til þess að athuga hvort hann gæti ekki leiðbeint mér. Innan við ári seinna var búið að rífa fjölskylduna upp með rötum, hætta í vinnunni, selja hæðina, bátinn og jeppann og ég gerðist námsmaður í Brighton í Englandi. Vífill, maðurinn minn, flakkaði svo á milli Íslands og Englands í vinnu.

**Skil milli stafræns veruleika og mannréttinda**

*Um hvað fjallar rannsóknin?*

Hún fjallar um það hvernig hinn stafræni veruleiki hefur breytt því hvernig ríki eiga að vernda mannréttindi. Ég hef tekið mið af því að það eru ekki bara lög sem stýra rammanum utan um hina mannlegu hegðun heldur einnig stafrænir og hagrænir þættir.

Þegar ég byrjaði á þessari rannsókn þá var það algjör jaðarhugsun að ríkið hefði eitthvert hlutverk eða skyldur til að tryggja friðhelgi á netinu. Ríkjandi viðhorf, bæði í lögfræði og samfélaginu, var að internetið yrði að vera frjálst frá afskiptum ríkisins enda væru forsendur markaðarins nóg fyrir viðunandi reglusetningu til þess að þróast. Síðan hefur þetta aðeins snúist við, m.a. með uppljóstrunum um hvernig sum tæknifyrirtæki starfa. Það er gríðarlega mikilvægt að hugað sé að viðeigandi hlutverki ríkisvaldsins í innviðum og ofan á liggjandi lögum netsins. Það má ekki vera þannig að borgarinn upplifi að allt sem gerist á internetinu sé í hliðarveruleika og að yfirvöld geti ekki spornað við því. Þá verður fljótt að kvarnast úr stöðum réttarríkisins.

Brot gegn kynferðislegri friðhelgi eru auðvitað ekki bara stafræn en hafa aukist gríðarlega með tækniframþróun.



**María Rún Bjarnadóttir.**

Þetta eru líka kynjuð brot eins og flest kynferðisbrot, en ég ætlaði ekki að fjalla neitt um það upphaflega. Ég hafði lengi þurft að vera með kynjagleraugun á nefinu í vinnunni og langaði að sleppa þeim. Innst inni var ég líka hrædd um að enginn myndi taka mig alvarlega ef ég myndi gera rannsóknina út frá kynjasjónarmiðunum. Eftir fyrsta árið beindu leiðbeinendur mínir, hugverkalögfræðingur og tæknilögfræðingur sem höfðu ekkert sérstaklega látið kynjasjónarmið sig varða, mér í þá átt að veita kynjasjónarmiðunum athygli. Það opnaði fyrir nýjar víddir í rannsókninni og gaf henni dýpt sem ég hafði ekki búist við.

#### *Hvernig þá?*

Þetta opnaði á alls konar samanburðarstúdíur, t.a.m. um lögregluna og hvernig hún starfar og af hverju löggin virka ekki betur í tilteknum málaflokkum. Til dæmis voru viðhorfin og sjónarmiðin varðandi stafræn kynferðisbrot, sem komu fram í viðtölunum mínum hjá lögreglunni á Íslandi, algerlega sambærileg við þau hjá lögreglunni í Bretlandi og Ástralíu. Ég tók betur til skoðunar fræðilegan grundvöll lagasetningar um svipuð mál í Bretlandi og Bandaríkjunum og þróaði í framhaldinu sterk tengsl, bæði fagleg og persónuleg, við helstu fræðikonur á þessu sviði um allan heim.

Þessi nálgun opnaði líka algerlega augu mín fyrir kynjaðri sýn á lög almennt og eftir að ég fór að lesa höfundu eins og MacKinnon fór ég að horfa á löggin frá fleiri sjónarhornum; ekki aðeins sem samfélagssáttmála og vísireglur, heldur líka sem valdataeki sem viðheldur staðalímyndum og viðhorfum í stað þess að tryggja réttindi og jafnvel réttlæti. Það var hollt fyrir mig víkka sjóndeildarhringinn og gagnlegt fyrir rannsóknina.

#### **Ekki sjálfvirknivæða allt hugsunarlaust**

Tæknin hefur mikil áhrif á lög og lagasetningu. Við sjáum þetta í löggæslunni og stjórnsýslunni þar sem er stanslaus hagræðingarkrafa en þá er líka talað um að nýta tæknina til þess að auka skilvirkni. Gögnin og datasettin, sem er verið að keyra ákvarðanatöku á, eru hins vegar oft ekki hlutlaus. Þegar við erum að keyra inn gagnadrifna ákvörðun, sem byggir á sjálfvirkni, þá erum við að taka fordómana og úreltu viðhorfin og staðla þau, gera þau sjálfgefin. Við erum ekki alveg nógu vakandi hvernig tæknireglusetning er að hafa áhrif á lagasetningu og efnisreglur en það er ótrúlega margt að varast þarna. Við þurfum að hafa vakandi lögfræðinga til þess að passa upp á það að þessi þróun verði í þágu réttarríkisins en ekki til að sjálfvirknivæða allt hugsunarlaust. Það er mikill munur að vera lögfræðingur í gagnaöflun og heimildaöflun núna og fyrir 20 árum.

Tæknin er að umbylta starfinu og við þurfum að vera vakandi fyrir því hvernig það gerist.

*Hvernig fór rannsóknin fram og hvað tók hún langan tíma?*

Ég beitti tvíþættri aðferðafræði. Annars vegar hefðbundinni doctrinal lagalegri aðferð. Hins vegar tók ég viðtöl við lögreglu, ákærvald, Europol og fjáls félagasamtök. Það er ekki alveg hefðbundið í lögfræði að keyra á viðtölum en þau gáfu mér mjög góða innsýn og skilning á efninu sem ég hefði sennilega ekki náð öðruvísi.

Ég byrjaði í doktorsnáminu haustið 2015 og lauk við að verja ritgerðina í nóvember 2021 en ég tók frí nokkrum sinnum frá náminu þegar ég tók að mér verkefni eins og að skrifa greinargerðir í málum fyrir Mannréttindadómstól Evrópu og norræn rannsóknarverkefni. Árið 2019 tók ég frí í nokkra mánuði til að skrifa skýrslu fyrir forsætisráðuneytið sem byggði á doktorsrannsókninni minni og í framhaldinu frumvarp sem varð að lögum. Það er auðvitað ansi óhefðbundið, en reynslan nýttist á báðum stöðum.

### Lögsagan er kjarni vandans

*Hverjar voru helstu niðurstöður þínar?*

Þó að internetið, þ.e. uppbygging þess og eiginleikar, setji þrýsting á hefðbundinn lagastrúktúr og landsbundin viðbrögð við stafrænum afbrotum þá losar það ríki ekki undan mannréttindaskuldbindingum sem borgarar njóta innan þeirra yfirráðasvæðis.

Ég kemst að þeirri niðurstöðu að á grundvelli mannréttindaskuldbindinga beri stjórnvöldum því að tryggja fullnægjandi lagavernd og legg til breytingar á hegningarlögum, sem nú hafa komið til framkvæmda. Sú lagabreyting byggir á réttindamiðaðri nálgun, þ.e. út frá réttindum einstaklingsins en ekki siðferðisvitund eða mórölskum viðmiðum.

*Hvað tekur nú við hjá þér?*

Nú er ég að vinna hjá ríkislögreglustjóra. Tillögurnar sem ég vann fyrir íslensk stjórnvöld, vörðuðu annars vegar lagasetningu og hins vegar stefnumótandi aðgerðir og það eru aðgerðirnar sem ég er að stýra núna hjá ríkislögreglustjóra. Það eru forvarnir og fræðsla fyrir almenning og tiltekna samfélagshópa og svo endurskoðun og setning verkferla og verklags hjá lögreglunni við rannsókn og meðferð stafrænna brota. Þá er ég að koma á virkum tengslum við samfélagsmiðla og tæknifyrirtæki sem hafa yfir að ráða lausnum til þess að takmarka dreifingu á stafrænu

efni, en það er oft það sem þolendur stafrænna brota kalla helst eftir en fá ekki aðstoð við. Við erum til dæmis að taka þátt í spennandi verkefni hjá Meta sem verður tilkynnt um fljótlega. Það er líka mikið samstarf á milli lögregluliða alþjóðlega sem hægt er að byggja frekar á til þess að styrkja réttarvernd einstaklinga á netinu sem við ætlum að stíga fastar inni. Ég er svo í hálfu starfi sem aðjúnt í lögreglufræðináminu við Háskólann á Akureyri þar sem ég kenni námskeiðin netglæpir og álitamál í löggæslu og svo ofbeldi og valdatengsl. Ég sit líka í fjölmiðlanefnd og í tveimur nefndum á vegum Evrópuráðsins svo verkefni eru fjölbreytt. Það verður líka ljúft að komast í sund á hverjum degi núna þegar við fjölskyldan erum flutt aftur til Íslands. Ég er mjög spennt fyrir því.

Unnur Lilja Hermannsdóttir



ÁSGEIR ÞÓR ÁRNASON HRL.  
ELVAR ÖRN UNNSTEINSSON HRL.  
LÚÐVÍK ÖRN STEINARSSON HRL.  
MAGNÚS ÓSKARSSON HRL., LL.M.  
SUNNA MAGNÚSDÓTTIR HDL.  
BIRNA ÓSK BJARNADÓTTIR HDL.

Lögmál ehf. • Skólavörðustíg 12  
101 Reykjavík • Sími 511 2000  
logmal@logmal.is • www.logmal.is

# Óskum Lögmannafélagi Íslands til hamingju með 110 ára afmælið

## **Arctica Finance hf.**

Katrínartúni 2  
105 Reykjavík

## **Atlantik Legal Services ehf.**

Grandagarði 16  
101 Reykjavík

## **ÁH lögmennt**

Vættarborgum 144  
112 Reykjavík

## **Draupnir lögmannsþjónusta ehf.**

Borgartúni 28  
105 Reykjavík

## **E. Sigurjónsson lögmannsstofa ehf.**

Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík

## **Eðalklæði ehf**

Langholtsvegi 128  
104 Reykjavík

## **FOCUS Lögmennt G. Jónsson & Partners**

Mörkinni 3  
108 Reykjavík

Lagadeild Háskóla Íslands þakkar

Lögmannafélagi Íslands samfylgdina síðastliðin 110 ár

## **Háskóli Íslands**

Sæmundargötu 2  
102 Reykjavík

## **Íslenska lögfræðistofan**

Kringlunni 4-12  
103 Reykjavík

## **Íslenskir lögmennt ehf.**

Sundagörðum 2  
104 Reykjavík

## **JÁS Lögmennt ehf.**

Skólavörðustíg 3  
101 Reykjavík

## **Jónatansson & Co lögfræðistofa ehf.**

Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík

## **JS lögmannsstofa**

Jón Sigurðsson hrl.  
Lágmúla 7  
108 Reykjavík

## **Juris slf.**

Borgartúni 26  
105 Reykjavík

## **Juralis, lögmanns- & ráðgjafarstofa**

Suðurlandsbraut 20  
108 Reykjavík

**KPMG**

Law

Starfsfólk KPMG Law óskar  
Lögmannafélagi Íslands til  
hamingju með 110 ára afmælið

Breið þekking á atvinnulífínu, vísýni og alþjóðlegar tengingar gerir KPMG Law að réttum samstarfsaðila í krefjandi viðskiptaumhverfi.

[kpmglaw.is](http://kpmglaw.is)

# FORDÆMISGILDI ÚRLAUSNA MANNRÉTTINDA- DÓMSTÓLS EVRÓPU AÐ INNLENDUM RÉTTI

REIMAR PÉTURSSON LÖGMAÐUR



Stundum er því hreyft í lögfræðilegri umræðu að fordæmi Mannréttindadómstóls Evrópu bindi ekki innlenda dómstóla. Segja má að þetta sé rétt en þó aðeins í tilteknum þröngum skilningi. Nánari skoðun leiðir nefnilega í ljós að innlend lög og stjórnskipun leiða til þess að dómstólar verða að horfa til fordæma mannréttindadómstólsins og í vissum tilvikum endurupptaka fyrri dóma sem stangast á við úrlausnir mannréttindadómstólsins.

Þegar mannréttinasáttmáli Evrópu var lögfestur með lögum nr. 62/1994 var settur sá fyrirvari í 2. gr. laganna að úrlausnir mannréttindadómstólsins væru „ekki bindandi að íslenskum landsrétti.“ Til þessa ákvæðis hefur verið vitnað af þeim sem leggja áherslu á að þessar úrlausnir bindi ekki innlenda dómstóla.

En svo tilvísun til þessa ákvæðis geti haft þýðingu þarf fyrst að afmarka efnislegt inntak ákvæðisins. Af orðalagi 2. gr. mætti e.t.v. draga þá ályktun að allar úrlausnir mannréttindadómstólsins féllu hér undir. Í athugasemdum um 2. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 62/1994 segir hins vegar:

„Í 2. gr. er tekið fram að úrlausnir, sem kynnu að ganga á hendur íslenska ríkinu fyrir mannréttindanefnd Evrópu, Mannréttindadómstól Evrópu eða ráðherranefnd Evrópuráðsins, séu ekki bindandi að íslenskum landsrétti. Þetta er í raun eingöngu tekið fram til að árétta beinlínis í

lögum, ef þetta frumvarp nær fram að ganga, að umræddar stofnanir geti sem fyrir eingöngu kveðið á um hvort íslenska ríkið hafi efnt þjóðréttarskuldbindingar sínar samkvæmt mannréttinasáttmálanum og eftir atvikum að því beri að greiða skaðabætur að tiltekinni fjárhæð ef vanefnd er leidd í ljós. Í almennum athugasemdum hér að framan er skýrð í einstökum atriðum sú afleiðing af þessu að úrlausnir þessara stofnana hafa ekki bindandi áhrif að íslenskum landsrétti. Þær geta þannig til dæmis ekki haggað gildi íslenskrar löggjafar eða dómsúrlausnar. Þá er einnig vert að benda á að ef kveðið yrði á um skyldu ríkisins til að greiða skaðabætur í úrlausn mannréttindadómstólsins eða ráðherranefndarinnar yrði ekki hægt að fullnægja bótakröfu með aðför hér á landi á grundvelli úrlausnarinnar, heldur yrði að afla aðfararheimildar fyrir bótakröfunni með dómi hér á landi. Tilgangurinn með 2. gr. er aðeins að ítreka þetta.“

Sú umfjöllun sem vísað er til „í almennum athugasemdum“ og sem virðist fela í sér þær skýringar sem um teflir hljóðar síðan svo:

„Að fullnægðum frekari skilyrðum samkvæmt ákvæðum samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis geta þannig önnur aðildarríki að honum kært íslenska ríkið fyrir brot á mannréttinasáttmálanum, svo og einstaklingar eða samtök þeirra sem telja ríkið hafa brotið á sér rétt. Úrlausn í slíku kærumáli er bindandi fyrir ríkið að þjóðarétti, hvort sem hún er fengin fyrir ráðherranefndinni eða



mannréttindadómstólnum. Hér verður hins vegar að leggja áherslu á það að þessar stofnanir meta aðeins hvort íslensk réttarregla eða beiting hennar í réttarframkvæmd hér á landi sé efnislega í andstöðu við reglur mannréttinasáttmálans í ákveðnu tilviki. Ef svo er talið kveður ráðherranefndin eða mannréttindadómstóllinn á um það eitt að ríkið hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt sáttmálanum og ákveður eftir atvikum hæfilegar skaðabætur handa þeim sem slíkt brot hefur bitnað á. Þessar stofnanir endurskoða á hinn bóginn ekki efnislega niðurstöðu máls fyrir innlendum dómstóli og úrlausnir þeirra hnekkja í engu gildi íslenskrar dómsúrlausnar, jafnvel þótt komist sé að þeirri niðurstöðu að ríkið hafi brotið gegn mannréttinasáttmálanum. Með öðrum orðum eru þetta þannig ekki áfrýjunardómstig fyrir innlenda dómsúrlausn, heldur aðeins alþjóðastofnanir sem leysa úr því hvort ríkið hafi vanefnt skyldu sína að þjóðarétti. Þessar stofnanir hafa enn síður vald til að ógilda eða raska á annan hátt ákveðum íslenskra laga, en niðurstæða ráðherranefndarinnar eða mannréttindadómstólsins um að íslenskt lagaákvæði samrýmist ekki mannréttinasáttmálanum bakar hins vegar ríkinu skyldu að þjóðarétti til að hlutast til um að breyta því.“

Af þessu virðist mega ráða að, hvað sem líður orðalagi ákvæðisins, að það eigi aðeins við um úrlausnir dómstólsins í íslenskum málum. Með þeirri skýringu mælir einnig að í 1. gr. laganna er kveðið á um lagagildi mannréttinasáttmálans og þar með talið 46. gr. hans. Þannig lögfestir 1. gr. laganna m.a. þetta tiltekna ákvæði sáttmálans en þar heitir Ísland því að hlíta endanlegum dómi dómstólsins í hverju því máli sem það á aðild að. Stofnanir Evrópuráðsins hafa lengi litið svo á og líta enn svo á að í þessu felist ekki að innlend lög eða dómur innlendra dómstóla falli úr gildi þótt mannréttindadómstóllinn kveði upp dóm um brot gegn sáttmálanum. Hins vegar sé ríki skylt að þjóðarétti að gera allar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að rétta hlut þess sem fyrir brotinu varð. Af atvikum ráðist síðan hverjar þær eru.

Af þessu öllu virðist mega álykta að 2. gr. feli í sér sérstaka áréttingu á þessu. Þær skyldur sem falla á Ísland í málum sem það á aðild að séu þjóðréttarlegs eðlis í þeim skilningi að dómur mannréttindadómstólsins geti aldrei sjálfkrafa fellt úr gildi innlend lög eða dóma innlendra dómstóla. Af þessu myndi leiða að inntak 2. gr. væri ekki jafnvíðtækt og vist gæti við fyrstu sýn. Ákvæðið feli þannig í sér áréttingu hefðbundinna sjónarmiða sem felast í 46. gr. sáttmálans um bindandi gildi úrlausna mannréttindadómstólsins. Ákvæðið feli hins vegar ekki í sér leiðsögn um hvernig

innlendir dómstólar eigi að meta fordæmisgildi úrlausna dómstólsins t.d. í málum annarra ríkja.

Í athugasemdum frumvarpsins er vissulega vikið að því hvert gildi slíkar úrlausnir hefðu eftir lögfestingu sáttmálans. Þannig segir í kafla um „áhrif lögfestingar á lagaframkvæmd“ að með lögfestingu sáttmálans sé einvörðungu verið að lögfasta orð sáttmálans en ekki fordæmi dómstólsins um skýringu hans. Hins vegar mætti búast við að innlendir dómstólar myndu hafa slík fordæmi „til leiðsagnar“ og slíkt var sagt „alvanalegt“ m.a. í dómum Hæstaréttar um mannréttinasáttmálann fyrir lögfestingu hans. Búast mætti við þessu þótt sjálfstæði innlendra dómstóla væri óskert og þeir væru óbundnir af þessum fordæmum.

Þessar athugasemdir gefa til kynna að fyrirvari 2. gr. laganna takmarki ekki heimildir innlendra dómstóla til þess að draga víðtækar ályktanir um fordæmisgildi af úrlausnum mannréttindadómstólsins í miklum vafamálum. Þannig tiltóku athugasemdirnar í tengslum við þetta:

„Í þriðja lagi má loks benda á það í tengslum við síðastnefnt atriði að það yrði á valdi íslenskra dómstóla og stjórnvalda að skýra ákvæði mannréttinasáttmálans sjálfstætt ef frumvarpið yrði að lögum, þar á meðal þau ákvæði sem ekki væri að finna fordæmi um frá mannréttindanefndinni eða mannréttindadómstólnum, og beita þeim við úrlausn mála. Í því sambandi er þó varla að vænta að úrlausnir um mikilvæg atriði verði byggðar í ríkum mæli á skýringum sem eiga sér ekki einhverja fyrirmynd eða bakhjarl í fræðilegri umfjöllun um ákvæði sáttmálans þótt íslenskum dómstólum og stjórnvöldum væri það vissulega heimilt.“

Lög nr. 62/1994 byggja þannig á þeirri forsendu að innlendir dómstólar hafi óheftar heimildir til að styðjast við eða hafna úrlausnum mannréttindadómstólsins sem fordæmum, en að þeir skuli alla jafnan hafa þær til leiðsagnar. Lögin byggja síðan að auki á þeirri forsendu að síðari löggjafarþróun gæti hæglega leitt til þess að innlendum dómstólum yrði skylt að styðja úrlausnir sínar við fordæmi mannréttindadómstólsins. Þannig sagði í athugasemdum með frumvarpinu að t.d. unnt væri að styðja við markmið frumvarpsins um samræmi milli innlends réttar og reglna mannréttinasáttmálans með því „að veita þessum reglum stöðu stjórnskipunarлага.“

Með þessu virðist því löggjafinn hafa gefið upp boltann á stjórnarskrárgjafann um að gera ráðstafanir til að tryggja enn betur að reglum sáttmálans yrði fylgt. Þessu

var síðan fylgt eftir með endurskoðun mannréttindakafla stjórnarskrárinnar með setningu stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995. Í athugasemdum frumvarps þess sem varð að þeim lögum lýsti stjórnarskrárgjafinn þeirri afstöðu að lögfestingu mannréttinasáttmálans hafi verið ætlað að hafa þau „óbeinu áhrif“ að „ríkari tilhneiging“ yrði en áður til að beita rúmri skýringu á stjórnarskránni til samræmis við sáttmálann. Sú lögfesting hafi hins vegar ekki verið „fram tíðarlausn.“ Hafi því verið ákveðið að ráðast í endurskoðun mannréttindakaflans m.a. í því skyni að hann tæki mið af mannréttinasáttmálanum.

Markmið og setning stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995 mælir því enn frekar en lög nr. 62/1994 með því að innlendir dómstólar veiti úrlausnum mannréttindadómstólsins fordæmisgildi og hafi þær til leiðsagnar. Þessu til viðbótar má síðan nefna að með setningu nýlegra laga nr. 47/2020 var Endurupptökudómi heimilað að fallast á beiðni um endurupptöku máls ef fram eru komnar nýjar „upplýsingar“ m.a. um annað en málsatvik sem ætla má að hefðu verulega miklu skipt fyrir úrlausn máls, sbr. a. lið 1. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, eða sterkar líkur eru leiddar að því að leitt hefðu til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum, sbr. b. lið 1. mgr. 191. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að þessum lögum kemur fram að með nýjum „upplýsingum“ í þessum skilningi sé m.a. átt við úrlausnir alþjóðlegra dómstóla og m.a. vísað til úrlausna Mannréttindadómstóls Evrópu.

Með þessu er gefið skýrt til kynna að við tiltekna aðstæður geti reynst nauðsynlegt að endurupptaka dóma í kjölfar þess að dómur falla hjá mannréttindadómstólnum. Að vissu leyti felur þetta aðeins í sér áréttingu þess sem felst í 46. gr. mannréttinasáttmálans, en lítið hefur verið svo á að af því ákvæði leiði að þegar endurupptaka dóms sé eina leiðin til að bæta fyrir brot á sáttmálanum þá sé ríkjum skylt að tryggja rétt til hennar. Að vissu leyti gengur þetta þó lengra því hin nýsettu endurupptökuákvæði takmarka ekki rétt til endurupptöku við þá sem áttu aðild að þeim

nýju úrlausnum mannréttindadómstólsins sem um ræðir. Þess í stað virðast hin nýsettu ákvæði miða við að allir þeir sem álíta má brotið á með hliðsjón af nýju fordæmi geti krafist endurupptöku.

Af þessu má ráða að sá fyrirvari sem er orðaður í 2. gr. laga nr. 62/1994 hefur næsta litla þýðingu eins og löggjöfin og stjórnarskráin hefur þróast í kjölfar setningar ákvæðisins. Mætti jafnvel halda því fram að dómur innlendra dómstóla sem mannréttindadómstóllinn hefur dæmt andstæðan réttlátri málsmeðferð, sbr. 6. gr. mannréttinasáttmálans, hefur orðið næsta lítið gildi. Í slíkum tilvikum virðist nefnilega réttur til endurupptöku samkvæmt gildandi lögum nánast sjálfvirkur.

Með hliðsjón af þessu þarf e.t.v. ekki að koma á óvart að t.d. í dómi Hæstaréttar 18. mars 2021, mál nr. 34/2020, er fast kveðið að orði þegar rétturinn lýsir í 18. mgr. viðhorfi sínu til fordæmisgildi úrlausna mannréttindadómstólsins:

„Hæstiréttur hefur ítrekað slegið því föstu að líta beri til dóma Mannréttindadómstóls Evrópu við skýringu ákvæða mannréttinasáttmálans þegar reynir á hann sem hluta af landsrétti. Jafnframt ber að skýra önnur lög til samræmis við sáttmálann og úrlausnir mannréttindadómstólsins enda verður að gera ráð fyrir að þau samrýmist skuldbindingum Íslands að þjóðarétti í samræmi við þá venjuhelguðu reglu í norrænum rétti að lög verði túlkuð til samræmis við þjóðréttarsamninga eftir því sem frekast er kostur.“

Af þessu verður ekki annað ráðið en að Hæstiréttur telji sér skylt að fylgja fordæmum mannréttindadómstólsins sé þess nokkur kostur. Þetta er sjálfstæð afstaða réttarins byggð á fordæmum réttarins, innlendri löggjöf og stjórnskipun. Engin fortakslaus eða endanleg svör um þýðingu úrlausna mannréttindadómstólsins að landsrétti er því að finna í 2. gr. laga nr. 62/1994.

# Óskum Lögmannafélagi Íslands til hamingju með 110 ára afmælið

**LAG Lögmenn**  
Ingólfsstræti 5  
101 Reykjavík

**Lausnir lögmansstofa sf.**  
Suðurlandsbraut 52  
108 Reykjavík

**Lögfræðipjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl.**  
Sigtún 42  
105 Reykjavík

**Lögmansstofa Jóns G Briem hrl.**  
Skiopholti 50b  
105 Reykjavík

**Lögmenn Laugardal ehf.**  
Sundagörðum 2  
104 Reykjavík

**Lögmenn Laugavegi 3 ehf.**  
Laugavegi 3  
101 Reykjavík

**Lögmenn Lækjargötu ehf.**  
Lækjargötu 2  
101 Reykjavík

**Lögmenn Sundagörðum**  
Sundagörðum 2  
104 Reykjavík

**Lögstofa Steinbergs Finnbogasonar**  
Lækjargötu 4  
101 Reykjavík

**Málsefni Lögmansþjónusta**  
Ármúla 40  
108 Reykjavík

**NORDIK lögfræðipjónusta**  
Skólavörðustíg 24  
101 Reykjavík

**ÓK Lögmenn slf.**  
Stórhöfða 29  
110 Reykjavík

**Réttur - ráðgjöf & málflutningur**  
Klapparstíg 25-27  
101 Reykjavík

**RG Lögmenn ehf.**  
Skiopholti 50c  
105 Reykjavík

**Rökstólar ehf.**  
Tjarnargötu 36  
101 Reykjavík

**Sigurjónsson & Thor ehf.**  
Lágmúla 7  
108 Reykjavík

**Slysabætur ehf.**  
Guðjón Ólafur Jónsson hrl.  
Hrafnkell Oddi Guðjónsson hdl.  
Skólavörðustíg 12  
101 Reykjavík

**Valva lögmenn slf.**  
Túngötu 14  
101 Reykjavík

**Vík Lögmansstofa ehf.**  
Laugavegi 77  
101 Reykjavík

**Valborg Þ. Snævarr hrl.**  
Austurströnd 1  
170 Seltjarnarnesi

**Deloitte Legal ehf.**  
Smáratorgi 3  
203 Kópavogi

**Lögmenn Kópavogi**  
Bæjarlind 4  
201 Kópavogi

**PÓ ráðgjöf, Lögmansstofa Páls Ólafssonar**  
Bæjargili 73  
210 Garðabæ

**Direkta lögfræðipjónusta og ráðgjöf**  
Bæjarhrauni 22  
220 Hafnarfirði

**Jónas Þór Guðmundsson hrl.**  
Klettahrauni 8  
220 Hafnarfirði

**Lögmansstofa Karls Jónssonar**  
Háabergi 3  
221 Hafnarfirði

**Lögmenn Thorsplani sf.**  
Fjarðargötu 11  
220 Hafnarfirði

**Lögvík ehf.**  
Reykjavíkurvegi 62  
220 Hafnarfirði

**Lögmansstofa Reykjaness**  
Hafnargötu 35  
230 Reykjanesbæ

**Málflutningsstofa Snæfellsness**  
Borgarbraut 2  
340 Stykkishólmi

**Íslandsréttur ehf.**  
Hofsbot 4  
600 Akureyri

**Lögfræðistofa Norðurlands**  
Jóhannes Már Sigurðarson  
600 Akureyri

**Lögmanshlíð lögfræðipjónusta ehf.**  
Glerárgötu 36  
600 Akureyri

**Lögmansstofa Norðurlands ehf.**  
Strandgötu 19b  
600 Akureyri

**Réttvísi ehf. lögmansstofa**  
Strandgötu 19a  
735 Eskifirði

**Lögmenn Suðurlandi ehf.**  
Austurvegi 3  
800 Selfossi

# AF VETTvangi FÉLAGSINS

## Hugmyndir um leiðbeinandi reglur um form og hámarks- lengd stefnu og greinargerðar

Á samráðsfundi fulltrúa Lögmannafélagsins með dómstólasýslunni í haust viðruðu fulltrúar dómstólasýslunnar hugmyndir um gerð leiðbeinandi reglna fyrir lögmennt um form og hámarks lengd stefnu og greinargerðar. Töldu fulltrúar Lögmannafélagsins að stúga þyrftu afar varlega til jarðar hvað slíka reglusetningu varðar og bentu jafnframt á að ef á annað borð yrði ráðist í vinnu við slíkar reglur þá yrði að vinna þær í náinni samvinnu við Lögmannafélagið. Hefur afstaða Lögmannafélagsins verið ítrekuð í bréfi til stjórnar dómstólasýslunnar.

Auk framangreindra atriða var á samráðsfundinum rætt um stafrænt dómskerfi, nauðsyn breytinga á réttarfarslögum varðandi greinargerðarfresti, skipulagningu aðalmeðferða fyrir Landsrétti, aðstöðu lögmannna í húsnæði héraðsdómstóla og um persónuvernd við birtingu dóma.

## Samráðsfundur með lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

Þann 15. nóvember sl. áttu fulltrúar Lögmannafélagsins samráðsfund með lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og fleiri fulltrúum embættisins. Meðal dagskrárefna voru hlutlægnisskylda rannsóknaraðila í ljósi athugasemda dómara í máli S-2676/2021, ákvarðanir lögreglu um þóknun til verjanda og réttargæslumanna, málshraði lögreglu við rannsókn mála, hugmyndir um breytt fyrirkomulag á bakvakt lögmannna og nýlegar verklagsreglur lögreglunnar í smærri brotamálum sem að fela m.a. í sér að sakborningum í smærri sakamálum er ekki gefinn kostur á að fá tilnefndan verjanda. Í kjölfar fundarins sendi Lögmannafélagið lögreglustjóra bréf þar sem þeim sjónarmiðum félagsins, sem komið var á framfæri á fundinum, var fylgt eftir. Til að mynda var áréttað, í tengslum við nýlegar verklagsreglur lögreglunnar í smærri brotamálum, að félagið liti svo á að réttur sakaðs manns til að fá tilnefndan verjanda væri varinn af 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málmeðferð og að sá réttur væri ekki bundinn við handtöku. Um væri að ræða grundvallarrétt sem felur í sér að sakborningur geti ávallt ráðfært sig við lögmann um réttarstöðu sína fyrir yfirheyrslu, auk þess sem viðvera lögmanns er til þess fallin að tryggja að yfirheyrsla fari fram í samræmi við lög, sbr. málsgreinar 443–463 handbókar Mannréttindadómstóls Evrópu varðandi 6. gr. mannréttindasáttmálans. Í bréfi stjórnar Lögmannafélagsins segir jafnframt að félagið liti svo á að lögreglu beri skylda til

að túlka heimildarákvæði 2. mgr. 30. gr. sakamálalaga nr. 88/2008 með hliðsjón af framangreindu og tilnefna sakborningi verjanda, óskaði hann þess, enda þótt handtaka hafi ekki farið fram. Í því samhengi skipti ekki máli hvort fjárheimildir til lögreglu til málflokksins séu ónógar enda um stjórnarskrárvarinn rétt að ræða og íslenska ríkið bundið af ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu.

Varðandi málshraða lögreglu við rannsókn mála, þar sem lögreglustjóraembættið vísaði til ónógra fjárheimilda miðað við umfang verkefna auk áhrif kjarasamninga á styttingu vinnutíma, þá lýsti Lögmannafélagið sig reiðubúið til að fylgja málinu eftir gagnvart viðeigandi stjórnvöldum enda væri um sameiginlega hagsmuni væri að ræða. Eftir sem áður væri mikilvægt að lögreglan væri með skýra forgangsröðun verkefna og ætti tilkoma sérstaks „mælaborðs“ og markmiðsáætlunar embættisins að auka möguleika þess til að tryggja réttar áherslur í starf-seminni.

## Beðið svara frá ríkissaksóknara

Í framhaldi af niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í máli S-2676/2021, þar sem dómari í málinu taldi það ámælisvert af hálfu lögreglu að hafa ekki gætt meginreglunnar um hlutlægnisskyldu við rannsókn málsins, sbr. ákvæði 3. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 53. gr. sakamálalaga, sendi stjórn Lögmannafélagsins ríkissaksóknara bréf þar sem óskað var eftir því að hann upplýsti með hvaða hætti embættið hygðist bregðast við umræddum aðfinnslum, hvort til staðar væru verkferlar um samantektir á grundvelli 1. mgr. 56. gr. sakamálalaga nr. 88/2008 og loks hvort til væru innri reglur eða tilmæli innan embættisins, eða hjá rannsóknaraðilum, um gerð þeirra sbr. ákvæði 1. mgr. 21. gr. sakamálalaga nr. 88/2008. Bíður félagið svara embættisins.

## Námskeið til öflunar málflutningsréttinda

Nýlega lauk síðara námskeiði ársins til öflunar málflutningsréttinda fyrir héraðsdómstólum. Alls sóttu 46 lögfræðingar námskeiðið að þessu sinni. Þar af voru 30 nýskráðir en þátttakendur af fyrri námskeiðum, sem taka þurftu upp einstök próf, voru 16 talsins. Af þeim 46 sem þreyttu próf að þessu sinni náðu 23 þátttakendur tilskyldum árangri eða 50%.

[Ingimar Ingason](#)

# Í UPPHAFI SKYLDI ENDINN SKOÐA

ODDUR ÁSTRÁÐSSON LÖGMAÐUR



Að reka dómsmál í gegnum réttarkerfið getur verið bæði seinlegt og kostnaðarsamt. Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á réttarfarslögum í þeim tilgangi að auka skilvirkni kerfisins og bæði stytta tíma og minnka kostnað sem aðilar þurfa að bera við rekstur dómsmála. Meðal þeirra breytinga er að með lögum frá 2015 var stefnda í einkamáli leyft að leggja fram greinargerð einungis um formhlið máls, að nánari skilyrðum uppfylltum, ef hann telur að máli sé stefnt í því horfi að ekki skuli leggja á það efnisdóm – að það skuli vísa því frá dómi.

Þetta er gagnlegt úrræði fyrir þann sem er knúinn til að taka til varna í dómsmáli. Hann getur með tiltölulega skjóttum og einföldum hætti fengið úrlausn héraðsdóms um hvort málið skuli yfirhöfuð halda áfram, áður en stilla þarf fram efnisvörnum og afla frekari sönnunargagna með tilheyrandi tilkostnaði.

Einn er þó hængur á. Úrskurður héraðsdóms um að máli skuli ekki vísað frá dómi sætir ekki málskoti til æðri dóms. Því neyðist sá sem fær slíkan úrskurð til þess að ljúka því að reka málið fyrir héraðsdómi; skila greinargerð um efnisvarnir, ljúka sönnunarfærslu eftir atvikum með öflun matsgerða (sem getur verið mjög kostnaðarsamt og seinlegt), leiða vitni fyrir dóminn og flytja það um efnishlið.

Það er loks þegar þessu öllu er lokið og efnisdómi er áfrýjað til æðri dóms að það fæst endurskoðað hvort að það hefði átt að vísa málinu frá héraðsdómi þegar í upphafi.

Það gerist nefnilega í nokkrum fjölda tilvika að í ljós kemur eftir dúk og disk, jafnvel þegar mál hefur ratað alla leið til Hæstaréttar eins og gerðist í nýlegu dæmi í dómi Hæstaréttar nr. 28/2020, að niðurstaðan verður að málið hefði aldrei átt að fá efnislega meðferð. Í því tilviki var mál höfðað í október 2018 en niðurstaða Hæstaréttar, um að vísa ætti málinu frá héraðsdómi, var kveðin upp í febrúar 2021. Þetta getur hæglega tekið mun lengri tíma. Það er dapurleg niðurstaða fyrir alla hlutaðeigandi, bæði aðila málsins og dómskerfið sjálft, þegar ljóst er orðið að það hefði mátt spara öllum tíma, fyrirhöfn og kostnað ef leyst hefði verið úr formsatriðum með réttum hætti strax í upphafi.

Að mati þess sem hér skrifar er til einföld lausn á þessu. Það er að leyfa málskot á úrskurði þar sem synjað er um frávisun og gefa æðri dómi tækifæri á fyrri stigum til að yfirfara það hvort mál skuli halda áfram til efnismeðferðar.



JÓNAS ER FÆDDUR Í REYKJAVÍK 25. MAÍ 1934. HANN LAUK CAND. JURIS GRÁÐU FRÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS ÁRIÐ 1962. JÓNAS VARÐ HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR ÁRIÐ 1963 OG HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR ÁRIÐ 1968. HANN SAT Í STJÓRN LÖGMANNAFÉLAGSINS ÁRIN 1967-1969 OG 1979-1981, ÞAR AF SEM VARAFORMAÐUR Í SÍÐARA SKIPTIÐ.

EIGINKONA JÓNASAR ER GUÐRÚN RAGNHILDUR EIRÍKSDÓTTIR OG EIGA ÞAU ÞRjú UPPKOMIN BÖRN. TVÖ ÞEIRRA ERU LÖGFRÆÐINGAR; LILJA SEM ER LÖGMAÐUR Á LEX OG AÐALSTEINN SEM ER DÓMARI VIÐ LANDSRÉTT. ELDRI DÓTTIRIN, ELÍSABET MARÍA, ER MEÐ PRÓFGRÁÐUR Í FRÖNSKU OG MÁLVÍSINDUM FRÁ HÍ OG FRÁ BLAÐAMANNAHÁSKÓLANUM Í ÓSLÓ OG STARFAR NÚ Í SAMGÖNGU- OG SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTINGU. JÓNAS OG GUÐRÚN EIGA NÍU BARNABÖRN OG FIMM BARNABARNABÖRN.

Ljósmynd Tinna Stefánsdóttir

# HEF ALLTAF NOTIÐ ÞESS AÐ STARFA VIÐ LÖGMENNSKU

Jónas A. Aðalsteinsson hefur starfað við lögmennsku í 56 ár eða í rétt rúmlega helming þess tíma sem Lögmannafélagið hefur starfað. Hann er 87 ára gamall en aðeins einn starfandi lögmaður er eldri og annar hefur starfað lengur. Þetta eru þeir Gústaf Þór Tryggvason, sem er tæplega fjórum mánuðum eldri en Jónas, og Ragnar Aðalsteinsson sem hóf lögmennsku einu ári fyrr.

Þegar blaðamaður Lögmannablaðsins sat á móti Jónasi í fundarherbergi lögmennsstofunnar Lex var hann sífellt að gjóa augunum á tölvupóstinn í símanum þar sem hann beið eftir dómi í máli sem hann flutti í Landsrétti fyrir stuttu. Von var á niðurstöðu á hverri stundu og miklir hagsmunir í húfi fyrir eitt af stórfyrirtækjum landsins. Spennan sem fylgir dómsuppkvaðningu er alltaf sú sama og skiptir greinilega ekki máli hversu oft lögmenn hafa verið í þeim sporum.

## *Hvers vegna fórst þú að læra lögfræði?*

Það var nú hálfgerð útilokunaraðferð. Ég setti upp lista með nokkrum fögum sem mig langaði að læra og læknisfræði var þar efst á blaði. Svo kom lögfræði og í þriðja sæti var viðskiptafræði. Þegar ég fór að skoða læknisfræðina þá sá ég að hún átti ekki við mig og því varð lögfræðin ofan á. Ég hef alltaf verið ánægður með valið. Þetta hefur verið dásamlegt starf og ég hef kynnst mörgu góðu fólki.

## *Var námið erfitt?*

Það sem var erfitt var að ég vann alltaf með náminu og var því lengur en ella að ljúka því. Oftast var ég í fullu starfi við skrifstofustörf, bókhald og þess háttar, enda var ég kominn með fjölskyldu. Þetta var bara svona.

## *Hvar byrjaði lögmennsferillinn þinn?*

Ég byrjaði sem fulltrúi hjá yfirborgardómara árið 1963 og fór svo í Seðlabankann og var þar til 1965. Þá ákváðum við Jóhannes L.L. Helgason að stofna saman lögmennsstofu. Hann var á þessum tíma háskólaritari og ég vann í Seðlabankanum og við urðum sammála um að ég tæki skrefið á undan. Eftir eitt ár bárum við saman tekjurnar og þá var þetta nokkuð jafnt. Eftir annað árið var ég með vinninginn og þá hætti hann í háskólanum og kom á stofuna.

Ég byrjaði að leigja skrifstofu hjá Guðmundi Ingva Sigurðssyni og Sveini Snorrasyni á Klapparstíg 26. Mig minnir að ég hafi ekki hafi ekki haft nema einn kúnna í upphafi en svo komu molar frá þeim félögum. Okkur féll

vel að vera saman og það endaði með því, þegar Jóhannes kom á stofuna, að við renndum í félag. Síðar varð stofan að Lex lögmannastofu.

*Í hvornig verkefnum varstu fyrstu árin og hvaða réttarsviðum hefur þú helst sinnt í gegnum tíðina?*

Ég fór fljótlega að vinna töluvert fyrir Landssamband veiðifélaga. Ég þekkti aðeins til en þegar ég var strákur í sveit á Melstað í Miðfirði, hjá séra Jóhanni og Ingibjörgu Briem, þá fengu bændur lítinn sem engan arð af þessari auðlind sinni enda endurgjaldið skammtað úr hnefa af leigutökum. Það tók nokkur ár að snúa þessu við og ef ég hef gert eitthvert gagn í lögmennskunni þá held ég að það sé að aðstoða við að eigendur veiðiréttinda fái notið arðsins af þeim réttindum.

Einhvern veginn ætlaðist það þannig að ég fór strax að vinna mikið fyrir fyrirtæki og held að starf mitt í Seðlabankanum hafi haft þar nokkuð að segja, t.d. varðandi gjaldeyrisviðskipti. Ég hef svo til eingöngu verið í einkamálum alla mína starfstíð með örfáum undantekningum. Ég kom til dæmis að Hafskipsmálinu og var verjandi Páls Braga Kristjónssonar, það er mjög eftirminnilegt mál og dapurt hvornig farið var með það góða fólk.

*Hefur eðli starfsins breyst síðan þú byrjaðir?*

Nei ekki þannig, nema bara sú breyting sem hefur orðið á þjóðfélaginu frá einum tíma til annars.

### **Stoltur af stofnun Spalar**

*Þegar þú lítur yfir ferilinn, eru einhver sérstök mál eftirminnilegri en önnur?*

Já, það er af mörgu að taka. Ég kom til dæmis að stofnun Íslenska járnblendifélagsins á Grundartanga sem er Elkem í dag. Ég naut þess að hafa starfsreynslu úr Seðlabankanum, þekkti umhverfið og gerði mér betur grein fyrir hvað þyrfti til að koma íslenskum og erlendum aðilum saman. Þegar Flugfélag Íslands og Loftleiðir voru sameinuð kom ég að því og vann fyrir hið sameinaða félag í mörg ár. Svo þegar verið var að undirbúa gerð Búrfellsvirkjunar þyrfti Landsvirkjun að fá lán frá Alþjóðabankanum sem treysti því ekki að menntun íslenskra verkfræðinga, sem sáu um hönnunina, væri nægilega góð. Bankinn fékk því alþjóðlegt verkfræðifyrirtæki, HARZA Engineering Company, til að yfirfara hönnun Búrfellsvirkjunar en ég var ráðinn lögmaður þess félags. Harza sannfærðist um að verkfræðilegri þekkingu þeirrar hönnunar væri vel borgið undir handleiðslu dr. Gunnars Sigurðssonar, verkfræðings.

Ég er stoltur af því að hafa unnið að stofnun Spalar hf. sem gerði Hvalfjarðargöngin á sínum tíma. Það var gríðarlega skemmtilegt verkefni með ýmsum lögfræðilegum álitaeftum þar sem þyrfti að hafa samskipti við erlenda banka og aðra fjáröflunaraðila. Sem dæmi þá fór ég ásamt fleirum til Kaupmannahafnar á fund hjá den Danske Bank og þegar við sátum í aðalfundarherbergi bankans, þar sem myndir af dönskum kóngum prýddu veggina, þyrftum við að svara breskum lögmönnum sem höfðu verið kallaðir til sem sérfræðingar í þessum væntanlegu viðskiptum. Einn þeirra sagðist hafa reynslu af því að vinna með vanþróuðum þjóðum, til dæmis Sierra Leone og fleiri löndum á því svæði, og að Danir yrðu að gæta sín sérstaklega þar sem hin lagalega umgjörð væri yfirleitt mjög léleg í vanþróuðum löndum eins og Íslandi. Þá kvaddi ég mér hljóðs á fundinum og sagði að íslensk löggjöf hefði verið mótuð að danskri fyrirmynd, og benti á mynd af Kristjáni IX á veggnum, konungi Danmerkur og Íslands á sínum tíma, og beindi þeirri spurningu til lögmansins hvort hann teldi danska löggjöf fullnægjandi. Menn áttuðu sig þarna á því að þessi breski sérfræðingur kom óundirbúinn til fundar og vissi ekkert um hvað hann væri að tala.

Hvalfjarðargöngin voru mjög umdeild og ég mætti meðal annars á fund hjá Verkfræðingafélaginu þar sem einn félagsmanna taldi göngin vera feigðarflan. Ég var hins vegar búinn að kanna reynslu af jarðgöngum annars staðar í heiminum og sterkustu rökin voru gögn frá Japan. Staðreyndin er nefnilega sú að rétt hönnuð undirgöng standast betur jarðskjálfta en önnur. Það var afar þýðingarmikið að koma réttum upplýsingum á framfæri og ég stóð síðan fyrir því að ráða almannatengil, Atla Rúnar Halldórsson hjá Athygli, til að hjálpa stjórninni við að takast á við umfjöllun í dagblöðum.

Svo naut ég þess heiðurs að vera ráðinn lögfræðingur kínverska heimsveldisins um tíma, sem var að kanna einhverja viðskiptamöguleika. Það var gríðarlega formlegt allt saman og hinar fínu veislur þeirra eru eftirminnilegar. Svo fór rússneska sendiráðið fram á einu sinni að ég tæki að mér verk, sem ég og gerði, en ég fékk á tilfinninguna eftir á að þeir hefðu ruglast á mér og Ragnari Aðalsteinssyni við ráðningu í það verkefni!

### **Aldrei langað að setjast í helgan stein**

*Mætir þú hvorn dag á skrifstofuna?*

Mig hefur aldrei langað til að setjast í helgan stein og hef alltaf haft gaman að því sem ég er að gera. Til þessa hef ég





haft verkefni til meðferðar daglega. Ég get unnið að þeim verkefnum heima mörgum hverjum sem hefur komið sér vel í yfirstandandi faraldri. Ekkert jafnast þó á við að mæta á skrifstofuna og hitta allt þetta stórkostlega fólk sem þar vinnur, það er ætíð mikið tilhlökkunarefni. Ég er enn að flytja mál og er til dæmis að fara í Landsrétt eftir helgi.

*En hvað með önnur áhugamál?*

Ég var á skíðum í 30-40 ár en er nú hættur því. Golfbakterían vaknaði skömmu eftir að ég lauk laganáminu en vinir mínir höfðu kynnst íþróttinni á Englandi og heillast. Ég fór að fíka við golf með þeim í kjölfarið og stunda það enn. Ég kom að stofnun Golfklúbbsins Keilis og var formaður þess félags fyrstu tvö árin.

Svo má segja að ég sé tæknifíkill en ég hef alltaf haft gaman af tækninýjungum og var nú um daginn að kaupa mér rafmagnsbíl. Vinur minn var skrifstofustjóri hjá IBM umboðinu, sem var leiðandi í ritfærslu á sínum tíma, og ég fór meira að segja á námskeið til útlanda til að læra um þessa nýju tækni. Við Guðmundur Ingui keyptum eina

fyrstu ljósritunarvélinu sem var þannig að það þurfti að setja vökva neðst en sérstakur pappír fór í gegnum vökvann og svo setti maður blað ofan á.

Við Helgi V. Jónsson vorum á sínum tíma skipaðir í nefnd á vegum Lögmannafélagsins þar sem við áttum að kanna hvort tölvur gætu nýst við lögmannsstörf. Að athuguðu máli komumst við að raun um að svo væri og mæltum með því að félagið kynnti lögmonnum þessa merku nýjung!

*Er lögmennskan lífsstíll?*

Ég hef alltaf notið þess að starfa við lögmennsku og finnst vænt um að hafa orðið einhverjum að gagni.

*Hafa lögfræðingar skyldur í samfélaginu?*

Já, mér finnst að það hvíli þær skyldur á þeim að láta gott af sér leiða á grundvelli þekkingar sem þeir hafa aflað sér og nota hana í þágu fólksins.

**Eyrún Ingadóttir**

## AUGLÝSING FRÁ NÁMSSJÓÐI

# STYRKUR TIL FRÆÐISKRIFA

Námssjóður Lögmannafélags Íslands auglýsir styrk til lögfræðilegra rannsókna og/eða útgáfu fræðirita sem nýst geta í daglegum störfum lögmanna.

Styrkfjárhæð nemur allt að kr. 1.200.000,- en á móti munu styrkþegar halda námskeið í tengslum við viðfangsefnið á vegum félagsdeildar Lögmannafélagsins. Nánari tilhögun er að finna í vinnureglum sem stjórn námssjóðs hefur sett sér.

Umsóknarfrestur er til 31. desember 2021 og skal senda umsóknir á netfangið [eyrun@lmfi.is](mailto:eyrun@lmfi.is).

### Vinnureglur stjórnar námssjóðs:

Samkvæmt 2. gr. skipulagsskrár Námssjóðs Lögmannafélags Íslands er hlutverk sjóðsins meðal annars að sinna fræðslu- og endurmenntunarmálum lögmanna í því skyni að auka hagnýta og fræðilega þekkingu þeirra á hinum ýmsu sviðum lögfræðinnar. Auk þess er heimilt að veita fé úr sjóðnum til annarra verkefna sem stuðla að aukinni menntun lögmanna, ef sérstakar ástæður eru til að mati sjóðsstjórnar. Stjórnin geti í því skyni styrkt lögfræðilegar rannsóknir og hefur eftirfarandi atriði í huga við veitingu styrkja:

1. Að um sé að ræða höfundaverk sem er verulegt að umfangi, með ótvírætt fræðilegt gildi og nýtist í daglegum störfum lögmanna.
2. Að höfundur/höfundar verði með námskeið á vegum LMFÍ í tengslum við höfundaverkið og veiti félaginu einkarétt á þeim í ákveðinn tíma.
3. Að umsækjendur sendi verk-, og kostnaðaráætlun með umsókn.
4. Eitt af þeim atriðum sem horft verður til er að verkefni séu komin af stað við veitingu styrks.
5. Ef verk hefur ekki komið út innan þriggja ára eftir ætluð verklok, og námskeið um efni þess hafa ekki verið haldin, Þá getur sjóðurinn farið fram á endurgreiðslu styrksins.
6. Ekki er tekið við styrkbeiðnum vegna verkefna sem tengjast grunn- eða meistaranámi í lögfræði.
7. Höfundur og námssjóður gera skriflegan samning sín á milli.

Í stjórn Námssjóðs Lögmannafélags Íslands sitja Reimar Pétursson formaður, Finnur Magnússon, Þórunn Helga Þórðardóttir, Auður Tinna Aðalbjarnardóttir og Geir Gestsson.

## NÝ RÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

### Guðmundur Siemsen

Advel Lögmenn, Hafnartorgi, Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, sími: 520-2050

## NÝ RÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

### Flóki Ásgeirsson

MAGNA Lögmenn, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími: 571-5400

### Fjölínir Vilhjálmsson

Lögmenn Árbæ, Nethyl 2, 110 Reykjavík, sími: 568-1245

### Guðmundur Sæmundsson

Fulltingi slf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími: 533-2050

## NÝ RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMSTÓLUM

### Bryndís Gyða Michelsen

Bótaréttur ehf., Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, sími: 520-5100

### Arnar Heimir Lárusson

MAGNA Lögmenn, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími: 571-5400

## ENDURÚTGEFIN RÉTTINDI

### Peter Dalmay

Mörkin lögmennstofa, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, sími: 414-4100

### Björn Atli Davíðsson

Embætti borgarlögmans, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, sími: 411-4100

### Guðbjörg Þorsteinsdóttir

### Þórdís Bjarnadóttir

### Haraldur Ingi Birgisson

### Þorvarður Arnar Ágústsson

### Pétur Steinn Guðmundsson

Deloitte Legal ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, sími: 580-3082

### Auðun Helgason

Lögmennstofa Auðuns Helgasonar, Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfirði, sími: 659-0446

### Arnar Þór Jónsson

Griffon ehf., Kringlunni 4-6, 9. hæð, 103 Reykjavík, sími: 617-9585

### Jón M. Bergsson

Lög og innheimta, Hallveigarstig 1, 101 Reykjavík, sími: 777-1215

### Jón Pétur Skúlason

Embætti borgarlögmans, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, sími: 411-4100

### Anna Kristín Guðmundsdóttir

Kópavogsbær, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi, sími: 441-0000

## BREYTING Á VINNUSTAÐ

### Kristrún Elsa Harðardóttir

Lögmenn Selfoss, Austurvegi 38, 800 Selfossi, sími: 539-3937

### Hallmundur Albertsson

Deloitte Legal ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, sími: 580-3082

### Ólafur Kjartansson

Lagastoð, Lágmúla 7, 108 Reykjavík, sími: 516-4000

### Bjarni Lárusson

LBL – Lögmennstofa Bjarna Lárussonar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, sími: 560-5518

### Eva Hauksdóttir

Hlít slf., Suðurlandsbraut 52, 108 Reykjavík, sími: 699-7122

### Helgi Jóhannesson

Catus ehf., Flókagötu 62, 105 Reykjavík, sími: 849-0000

### Jóhannes Már Sigurðarson

Lögfræðistofa Norðurlands, Hólkoti 1, 641 Húsavík, sími: 699-0015

## NÝTT HEIMILISFANG

### Jónas Þór Jónasson

### Sigrún Ísleifsdóttir

Lögmenn Jónas Þór slf., Stórhöfða 29, 110 Reykjavík, sími: 562-9066

### Eiríkur Gunnsteinsson

### Sigurður Jónsson

### Atli Már Ingólfsson

### Hildur Sólveig Pétursdóttir

### Oddgeir Einarsson

### Sverrir Halldórsson

Land lögmenn, Hlíðasmára 9, 201 Kópavogur, sími: 546-4040


### Elín Sigrún Jónsdóttir

BÚUM VEL, Tryggvagötu 11, 2. hæð, 101 Reykjavík, sími: 783-8600

### Oddur Þórir Þórarinsson

Medical law, Bergþórugötu 5, 101 Reykjavík, sími: 8653592

# PRENTUN

**Litla**  **prent**

Umhverfisvæn og svansvottuð prentsmiðja - [www.litlaprent.is](http://www.litlaprent.is)



FORVINNSLA



PRENTUN



FRÁGANGUR

# Námskeið LMFÍ

## vorönn 2022

Ársreikningar og verðmat fyrirtækja

– 13. janúar 2021

Samlagsfélög og samlagshlutafélög

– 20. janúar 2022

Undirbúningur hluthafafunda og fundarstjórn

– 27. janúar 2022

Rekstur máls fyrir héraðsdómi

– 1. og 3. febrúar 2022

Fyrir starfsmenn lögmansstofa: Nokkur hugtök lögfræðinnar

– 21. febrúar 2022

Stofnun eignarréttar að fasteignum fyrir traustfang og hefð

– 10. mars 2022

Peningaþvættisbrot skv. 264. gr. hegningarlaga

– 15. mars 2022

Má ekkert lengur? – Um ærumeiðingar á internetinu

– 24. mars 2022

Rekstur mála fyrir áfrýjunardómi

– 29. mars 2022

Framkvæmd reglna íslensks réttar um sérstaka sameign,  
heimildir til nýtingar, ráðstöfunar og slita

– 31. mars

Skaðabótaábyrgð hins opinbera

– 5. apríl og 7. apríl

Ógildingarreglur samningaréttar

– 26. apríl